



BA ritgerð
Félagsráðgjöf

Gleymda fólkið

Aðstæður palestínskra flóttamanna í flóttamannabúðum

Guðný Björnsdóttir

Guðbjörg Ottósdóttir
September 2015



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ
FÉLAGSRÁÐGJAFARDEILD

Gleymda fólkið
Aðstæður palestínskra flóttamanna í flóttamannabúðum

Guðný Björnsdóttir
210289-3059

Lokaverkefni til BA-gráðu í félagsráðgjöf
Leiðbeinandi: Guðbjörg Ottósdóttir

Félagsráðgjafardeild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
September 2015

„Gleymda fólkið“

Aðstæður palestínskra flóttamanna í flóttamannabúðum

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA gráðu í félagsráðgjöf
og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.
© Guðný Björnsdóttir, 2015

Prentun: Svansprent
Reykjavík, Ísland, 2015

Útdráttur

Margir einstaklingar hafa flúið átök og stríð í heimalandi sínu og neyðst til að leita skjóls í öðrum ríkjum. Eftir að Palestínumenn misstu meirihluta af landsvæði sínu í hendur gyðinga árið 1948 flúðu margir þeirra heimaland sitt og leituðu hælis í nágrannaríkjum. Palestínumenn hafa enn ekki getað snúið aftur til síns heima, þar sem ríki Palestínu er ekki enn orðið alþjóðlega viðurkennt. Palestínskir flóttamenn hafa því leitað skjóls í öðrum ríkjum og nú á dögum dvelur um 1,5 milljón palestínskra flóttamanna í flóttamannabúðum í Líbanon, á Sírlandi, í Jórdaníu og á palestínskum umráðasvæðum á Vesturbakkanum og á Gaza-svæðinu.

Markmið þessarar ritgerðar er að athuga þær aðstæður sem palestínskir flóttamenn búa við í flóttamannabúðum. Athugað verður með húsnæðisaðstæður, aðgengi að vatni, hreinlætisaðstöðu, menntun og atvinnu. Einnig verður fjallað um líkamlega og andlega heilsu flóttamanna og aðgengi þeirra að heilbrigðisþjónustu. Þá verður fjallað um helstu flóttamannastofnanir sem aðstoða palestínska flóttamenn og hvaða starfi þær gegna innan flóttamannabúða.

Niðurstöður ritgerðarinnar sýna fram á að aðstæður í flóttamannabúðum eru verulega slæmar og dvelja fjölmennar fjölskyldur saman í litlu rými þar sem aðgengi að hreinu vatni er ekki auðsótt. Þá treysta flóttamennirnir einkum á þá þjónustu sem flóttamannasamtök bjóða upp á, þar með talið þegar að kemur menntun og heilbrigðisþjónustu. Heilsugæslur og skólar á vegum Palestínuflóttamannanefndarinnar þarfnast mikilla umbóta. Heilbrigðisþjónustan er lakari en almenn heilbrigðisþjónusta og í skólunum er aðstoða fyrir nám slæm og skólastofur yfirfullar. Sérstaklega slæm er staða palestínskra flóttamanna í Líbanon þar sem reglugerðir þar í landi gera flóttamönnunum erfitt fyrir. Eigindleg rannsókn sem gerð var á sýrlenskum og palestínskum flóttamönnum í Líbanon leiddi í ljós að líf í flóttamannabúðum hefur slæm áhrif á andlega líðan fólks. Þá eru breyting á hlutverki einstaklinga innan heimilis, atvinnuleysi, lítið og slæmt húsnæði og lélegt aðgengi að hreinlætisaðstöðu helstu orsakir andlegrar vanlíðan.

Formáli

Þessi ritgerð er unnin sem 12 eininga (ETSC) lokaverkefni í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands. Áhugi minn á þessu tiltekna viðfangsefni vaknaði eftir lestur bókarinnar Ríkisfang: Ekkert, eftir Sigríði Víðis Jónsdóttur. Bókin segir frá átta fjölskyldum af palestínskum uppruna sem allar voru í flóttamannabúðum á landamærum Íraks og Sýrlands áður en þeim var boðið hæli á Íslandi. Fyrir lestur bókarinnar hafði ég ekki mikið velt fyrir mér aðstæðum flóttafólks og opnaði bókin augu mín fyrir aðstæðum, sem fólk í stríðshrjáðum löndum býr við og þá sér í lagi einstaklingar án ríkisfangs. Bókin vakti upp áhuga minn á að kynna mér málefni þeirra betur og valdi ég að skrifa um þetta tiltekna efni, þar sem ég tel að ekki sé mikil þekking á þessu málefni hérlandis.

Verkefnið var unnið undir leiðsögn Guðbjargar Ottósdóttur og Hilmu Hólmfríðar Sigurðardóttur og þakka ég þeim fyrir góða leiðsögn. Einnig þakka ég fjölskyldu minni og vinum fyrir allan þann stuðning og hvatningu sem þau sýndu mér og að lokum færi ég sérstakar þakkir til þeirra sem önnuðust yfirlestur ritgerðarinnar.

Efnisyfirlit

1 Inngangur	7
1.1 Rannsóknarspurningar og markmið	8
1.2 Uppbygging ritgerðarinnar og heimildir	8
2 Skilgreiningar og hugtök	9
2.1 Flóttamannasamningur Sameinuðu þjóðanna	9
2.2 Flóttamaður	9
2.3 Á flótta í eigin landi	11
2.4 Ríkisfangsleysi	11
2.5 Flóttamannabúðir	12
3 Átök milli Ísraelsmanna og Palestínnumanna	13
3.1 Upphafið	13
3.2 Átökin árið 1948	13
3.3 Sex daga stríðið	14
3.4 Palestína missir sjálfstæði sitt	14
3.5 Eftirköst átakanna 1948 og sex daga stríðsins	15
4 Flóttamannabúðir Palestínnumanna í Mið-Austurlöndum	16
4.1 Palestínskir flóttamenn í Líbanon	16
4.2 Palestínskir flóttamenn í Sýrlandi	18
4.3 Palestínskir flóttamenn í Jórdaníu	19
4.4 Palestínskir flóttamenn á Gaza-svæðinu og á Vesturbakkanum	20
4.5 Húsnæðisaðstæður	21
4.6 Aðgengi að vatni og hreinlætisaðstöðu	21
4.7 Líkamleg og andleg heilsa	22
4.8 Menntun	24
4.9 Atvinna	25
5 Áhrif flóttamannabúða á líðan flóttamanna	27
6 Flóttamannasamtök	29
6.1 Palestínuflóttamannanefndin	29
6.1.1 Hlutverk UNRWA í palestínskum flóttamannabúðum	30
6.2 Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna	31
6.3 American Near East Refugee Aid	32
6.3.1 Hlutverk ANERA í palestínskum flóttamannabúðum	32

6.4	Alþjóðahreyfing Rauða krossins og Rauða hálfmánans.....	34
6.5	Gagnrýni á flóttamannasamtök	35
7	Umræða.....	36
8	Lokaorð.....	40

1 Inngangur

Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna áætlaði að í loks árs 2014 hafi um 60 milljónir manna verið á flótta frá heimalandi sínu. Flestir flóttamenn eru staðsettir í Asíu og í Kyrrahafinu eða um 3,8 milljónir manna. 3,7 milljónir flóttamanna eru taldir vera í Afríku sunnan Sahara. Í Norður-Afríku og í Mið-Austurlöndum er fjöldi flóttamanna talinn vera 3 milljónir. Þá eru einstaklingar sem eru á flótta innan eigin heimalands taldir vera 32,3 milljónir og um 10 milljónir flóttamanna taldir vera án ríkisfangs (United Nations High Commissioner for Refugees, 2015).

Flóttamenn eru tilkomnir að miklu leyti vegna átaka og stríða í heimalandi sínu og er það mikið áhyggjuefni innan Sameinuðu þjóðanna (Hossain, 2014). Því hafa Sameinuðu þjóðirnar sett á laggirnar tvö hjálparsamtök sem aðstoða eiga flóttamenn, hlúa að vernd þeirra og finna varanlegar lausnir á flóttamannavandanum (United Nations High Commissioner for Refugees, e.d.-c). Þessar stofnanir eru Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNHCR) og Palestínuflóttamannanefndin (UNRWA). Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna er alþjóðleg stofnun sem aðstoðar og verndar flóttamenn víðsvegar um heiminn, að undanskyldum palestínskum flóttamönnum á Mið-Austurlöndum þar sem Palestínuflóttamannanefndin starfar. Hlutverk hennar er að aðstoða og vernda Palestínumenn og afkomendur þeirra, sem urðu flóttamenn í kjölfar deilunnar milli Ísraels og Palestínu árið 1948 (United Nations Relief and Works Agency, e.d.-a; Nachmias, 2014).

Í ritgerðinni verður fjallað um palestínska flóttamenn, sem skera sig úr að mörgu leyti í samanburði við aðra flóttamenn. Þar sem Palestína er í raun ekki opinberlega viðurkennt ríki gerir það stöðu palestínskra flóttamanna sérstæða. Þeir hafa ekki lengur viðurkennt ríkisfang og eru því ríkisfangslausir einstaklingar (Halasa, 2002; United Nations High Commissioner for Refugees, e.d.-a).

Í dag búa um 1,5 milljónir palestínskra flóttamanna í um það bil 60 flóttamannabúðum í Líbanon, Sýrlandi, Jórdaníu og á palestínskum umráðasvæðum á Vesturbakkanum og á Gaza. Búðirnar voru flestar settar á laggirnar á árunum 1940-1960 (Agiar, 2011). Talið er að helmingur flóttamanna sé undir 25 ára aldri og hafi alist upp í

flóttamannabúðum allt sitt líf. Þrátt fyrir að þeir séu fæddir og uppaldir í landinu hafa þeir ekki alltaf sömu stjórnálalegu, efnahaglegu eða félagslegu réttindi og aðrir landsmenn vegna stöðu sinnar sem palestínskir flóttamenn. Allra verst er staða palestínskra flóttamanna í Líbanon þar sem landið er ekki aðili að flóttamannasamningi Sameinuðu þjóðanna og viðurkennir þar af leiðandi ekki grundvallarréttindi og lagalegar skyldur flóttamanna (American Near East Refugee Aid, 2012).

1.1 Rannsóknarspurningar og markmið

Markmið ritgerðarinnar er að auka skilning á aðstæðum í flóttamannabúðum palestínskra flóttamanna. Fjallað verður um palestínska flóttamenn sem komið hafa sér fyrir í flóttamannabúðum í Líbanon, á Sírlandi, í Jórdaníu, á Vesturbakkanum og á Gaza-svæðinu.

Rannsóknarspurningarnar eru eftirfarandi:

1. Hvernig eru aðstæður í flóttamannabúðum palestínskra flóttamanna?
2. Hvaða hlutverki þjóna hjálparsamtök í flóttamannabúðum?

1.2 Uppbygging ritgerðarinnar og heimildir

Við upplýsingaöflun fyrir ritgerð þessa voru notuð ýmis fyrirliggjandi gögn. Þar á meðal erlendar greinar, ritrýndar greinar, bækur fræðimanna um málefni flóttamanna og ýmsar upplýsingar og skýrslur frá stofnunum sem láta sig málefni þeirra varða.

Ritgerðinni er skipt niður í fimm kafla. Fyrst eru þau lykilhugtök sem unnið er með í ritgerðinni skilgreind. Því næst er farið lítillega yfir deilur Palestínnumanna og Ísraelsmanna þar sem mikilvægustu atriðin sem snerta palestínska flóttamenn koma fram. Síðan er fjallað um palestínska flóttamenn í Líbanon, á Sírlandi, í Jórdaníu, á Vesturbakkanum og á Gaza-svæðinu. Kaflinn þar á eftir fjallar um hvernig aðstæður í flóttamannabúðum hafa áhrif á líðan flóttamannanna. Að lokum er fjallað um flóttamannasamtök og gert grein fyrir starfi þeirra og hlutverki í flóttamannabúðum.

2 Skilgreiningar og hugtök

Áður en lengra er haldið verður Flóttamannasamningi Sameinuðu þjóðanna gerð skil auk þess sem lykilhugtök sem unnið verður með í ritgerðinni eru skilgreind.

2.1 Flóttamannasamningur Sameinuðu þjóðanna

Sameinuðu þjóðirnar áttu frumkvæði að því árið 1951 að gerður var samningur um réttarstöðu flóttamanna. Þessi samningur hefur verið kallaður flóttamannasamningurinn í daglegu tali. Samningurinn var gerður fljótlega eftir lok seinni heimsstyrjaldar þar sem fyrri samningar höfðu ekki náð að leysa flóttamannavandann. Á þessum tíma var þörf fyrir alþjóðlegan samning, sem skilgreindi réttarstöðu flóttamanna í heiminum (United Nations High Commissioner for Refugees, e.d.-b; United Nations High Commissioner for Refugees, 2010). Í dag eru 145 ríki aðilar að samningnum og/eða viðauka hans. Þess má geta að Ísland hefur verið fullgildur aðili að flóttamannasamningnum frá 1. mars 1956 (Rauði kross Íslands, 2009).

Í flóttamannasamningnum er að finna skilgreiningu á flóttamanni, hver réttindi hans eru og ákvæði um lagalega skuldbindingu ríkja hvað varðar málefni flóttamanna. Í fyrstu átti samningurinn eingöngu við um Evrópubúa, sem þurftu á vernd að halda eftir seinni heimsstyrjöldina. Í viðauka samningsins frá árinu 1967 voru landfræðilegar og tímabundnar takmarkanir lagðar af (United Nations High Commissioner for Refugees, e.d.-b; United Nations High Commissioner for Refugees, 2010).

2.2 Flóttamaður

Alþjóðleg skilgreining á hugtakinu flóttamaður, samkvæmt flóttamannasamningi Sameinuðu þjóðanna, er sá sem: „er utan heimalands síns vegna atburða, sem gerðust fyrir 1. janúar 1951, og af ástæðuríkum ótta við að verða ofsóttur „ ... er utan þess lands, þar sem hann áður hafði reglulegt aðsetur ... ” (Atli Viðar Thorstensen og Guðrún Dögg Guðmundsdóttir, 2008, bls. 10). Aðildarríkjum samningsins ber að meta réttarstöðu flóttamanns eftir flóttamannasamningnum, þegar einstaklingur sækir um að fá stöðu sína sem flóttamaður viðurkennda í ríkinu (United Nations High Commissioner for Refugees, e.d.-b; United Nations High Commissioner for Refugees, 2010).

í 1. mgr. 44. gr. íslenskra laga um útlendinga nr. 96/2002 má finna skilgreiningu á hugtakinu flóttamaður, sem kemur upphaflega fram í umræddum samningi. Þar segir:

Flóttamaður samkvæmt lögum þessum telst vera útlendingur sem er utan heimalands síns af ástæðuríkum ótta við að vera ofsóttur vegna kynþáttar, trúarbragða, þjóðernis, aðildar að tilteknum þjóðfélagshópi eða vegna stjórnámálaskoðana og getur ekki, eða vill ekki, vegna slíks ótta færa sér í nyt vernd þess lands; eða sá sem er ríkisfangslaus og er utan þess lands þar sem hann áður hafði reglulegt aðsetur vegna slíkra atburða og getur ekki, eða vill ekki, vegna slíks ótta hverfa aftur þangað, sbr. A-lið 1. gr. alþjóðasamnings um stöðu flóttamanna frá 28. júlí 1951 og viðauka við samninginn frá 31. janúar 1967 (Lög um útlendinga, nr. 96/2002).

Ekki er sjálfsagt mál að fá réttarstöðu sem flóttamaður og í flóttamannasamningnum má finna þrjú ákvæði sem útiloka réttarstöðu flóttamanns. Fyrsta ákvæðið er að finna í D-lið 1. greinar flóttamannsamningsins „Samningur þessi skal ekki taka til manna, sem nú njóta verndar eða aðstoðar hjá stofnunum eða deildum Sameinuðu þjóðanna öðrum en erindreka Sameinuðu þjóðanna í málefnum flóttamanna" (Atli Viðar Thorstensen og Guðrún Dögg Guðmundsdóttir, 2008, bls. 40). Samkvæmt ákvæðinu geta palestínskir flóttamenn, sem njóta aðstoðar Palestínuflóttamannanefndarinnar, ekki fengið réttarstöðu flóttamanns. Því ber að athuga réttarstöðu þeirra samkvæmt skilyrðum flóttamannasamningsins. Samningurinn ætti að sýna fram á að þær kringumstæður séu enn til staðar, sem urðu þess valdandi að palestínskir flóttamenn öðluðust réttindi til verndar eða aðstoðar Palestínuflóttamannanefndarinnar. Einnig þarf að sýna fram á að einstaklingar falli ekki undir önnur ákvæði sem binda endi á réttarstöðu þeirra sem flóttamenn (United Nations High Commissioner for Refugees, 2010).

Annað ákvæðið er að finna í E-lið 1. greinar flóttamannasamningsins „Samningur þessi tekur ekki til manns, sem þar til fær stjórnvöld þess lands, sem hann hefur sezt að í, hafa viðurkennt að njóti þeirra réttinda og beri þær skyldur, sem fylgja ríkisfangi í því landi" (Atli Viðar Thorstensen og Guðrún Dögg Guðmundsdóttir, 2008, bls. 41). Um er að ræða þá einstaklinga sem þurfa ekki á alþjóðlegri vernd að halda. Það eru þeir einstaklingar sem gætu annars öðlast réttarstöðu flóttamanns en hafa öðlast aðsetur í landi þar sem þeir njóta réttinda sem ríkisborgarar, án þess að fá formlegan ríkisborgararétt í landinu (United Nations High Commissioner for Refugees, 2010).

Þriðja ákvæðið er að finna í F-lið 1. greinar flóttamannasamningsins

Ákvæði þessa samnings skulu ekki taka til neins manns, sem ríkar ástæður eru til að ætla að:

- a. hafi framið glæp gegn friði, stríðsglæp eða glæp gegn mannkyninu, eins og þetta er skilgreint í alþjóðlegum samningum, sem gerðir eru til þess að setja ákvæði um slíka glæpi;
- b. hafi framið alvarlegan ópólitískan glæp utan lands þess, sem hann nýtur hælís í, áður en honum er veitt viðtaka sem flóttamanni í því landi;
- c. hafi orðið sekur um athafnir, sem brjóta í bág við tilgang og meginreglur Sameinuðu þjóðanna (Atli Viðar Thorstensen og Guðrún Dögg Guðmundsdóttir, 2008, bls. 42).

Eftir seinni heimstyrjöldina voru sett ákvæði í flóttamannasamninginn, sem útilokuðu sakamenn frá honum. Með þessu ákvæði var fólk útilokað frá samningnum, sem töldust ekki eiga skilið alþjóðlega vernd samkvæmt honum (United Nations High Commissioner for Refugees, 2010).

2.3 Á flóttu í eigin landi

Ólíkt flóttamönnum hafa þeir einstaklingar sem eru á flóttu í eigin landi (e. internally displaced people) ekki farið yfir landamærin í leit að hæli heldur eru ennþá í heimalandi sínu. Þrátt fyrir að þeir hafi flúið af svipuðum eða sömu ástæðum og aðrir flóttamenn þá eru þeir enn undir vernd ríkisstjórnar sinnar, þó svo ríkisstjórnin geti sjálf verið ástæðan fyrir flóttu þeirra. Sem ríkisborgarar viðkomandi lands halda þeir öllum sínum réttindum og vernd, bæði hvað varðar mannréttindi og mannúðarréttindi (United Nations High Commissioner for Refugees, 2014-2015).

2.4 Ríkisfangsleysi

Ríkisfang er grundvöllur mannréttinda og þátttöku í samfélaginu. Það felur einnig í sér lagalegar skyldur milli ríkis og einstaklings. Einstaklingur sem ekki hefur ríkisfang er ekki talinn vera þegn eða ríkisborgari í neinu ríki. Ríkisfangsleysi er ekki einungis bundið við flóttamenn heldur getur það einnig átt við einstaklinga, sem hafa aðsetur í öðru ríki. Flestir ríkisfangslausir einstaklingar hafa til að mynda aldrei farið yfir landamæri þess ríkis sem þeir fæddust í þó þeir hafi aldrei öðlast ríkisfang í því landi (United Nations High Commissioner for Refugees, 2014). Að minnsta kosti 10 milljónir einstaklinga í heiminum eru ríkisfangslausir og þurfa fyrir vikið að takast á við mörg vandamál sem

fylgir því að vera ríkisfangslaus einstaklingur (United Nations High Commissioner for Refugees, 2013).

Margar ástæður geta verið fyrir ríkisfangsleysi, til dæmis hjá minnihlutahópum sem mismunað er innan ákveðinna ríkja, skráning íbúa sem ríkisborgara getur verið ófullnægjandi þegar ríki öðlast sjálfstæði og misræmi gæti verið í löggjöf milli ríkja (United Nations High Commissioner for Refugees, e.d.-a).

Oft er brotið á réttindum ríkisfangslausra einstaklinga. Þeim reynist oft ómögulegt að verða sér úti um persónuskilríki, geta verið settir í varðhald vegna stöðu sinnar, verið neitað um menntun og heilsugæslu og eiga oft erfitt með að verða sér úti um atvinnu (United Nations High Commissioner for Refugees, e.d.-a).

2.5 Flóttamannabúðir

Flóttamannabúðir eru tímabundin skýli, sem sett eru á stofn fyrir fólk sem flúið hefur heimili sín vegna átaka í heimalandi sínu. Það eru ýmist ríkisstjórnir, Sameinuðu þjóðirnar, alþjóðlegar stofnanir eða félagasamtök sem sjá um rekstur búðanna. Flestir sem búa í flóttamannabúðum eru flóttamenn en einnig búa þar einstaklingar sem eru á flótta innan eigin lands (Loue og Sajatovic, 2012).

3 Átök milli Ísraelsmanna og Palestínumanna

Til þess að öðlast betri skilning á sérstöðu palestínskra flóttamanna er mikilvægt að skoða sögu um stríðsátök milli Ísraelsmanna og Palestínumanna. Hér verður stuttlega sagt frá meginatriðum átaka sem útskýra betur hvers vegna margir Palestínumenn lögðu á landflóttu.

3.1 Upphafið

Erfitt er að ákvarða nákvæmlega hvenær deilur milli Ísraels og Palestínu hófust. Upphafið er yfirleitt rakið til ársins 1897 þegar hreyfing Sionista hélt sitt fyrsta þing í Basel í Sviss undir handleiðslu Theodor Herzl. Þingið kom saman til að ræða stofnun ríkis fyrir gyðinga á því landsvæði sem þá tilheyrði Palestínu. Þrátt fyrir að gyðingar hefðu þegar byrjað að setjast að í Palestínu jukust fólksflutningar þeirra til Palestínu töluvert eftir þingið og árið 1922 voru gyðingar í Palestínu orðnir 11% af þjóðinni (Czajka, 2008).

Enn meiri stuðningur við myndun ríkis fyrir gyðinga í Palestínu varð árið 1917 þegar þáverandi utanríkisráðherra Bretlands, Arthur Balfour, setti fram það sem kölluð hefur verið Balfour-yfirlýsingin (Milton-Edwards, 2011). Yfirlýsingin var þríþætt. Hún fól í sér að búa til ríki fyrir gyðinga í Palestínu. Jafnframt átti að gæta að réttindum og pólitískri stöðu innfæddra Palestínumanna og vernda réttindi gyðinga og pólitíska stöðu þeirra í öðrum ríkjum (Balfour, 1917).

3.2 Átökin árið 1948

Fyrsta ákvæði Balfour-yfirlýsingarinnar var að gefa gyðingum ríki í Palestínu og var það efnt árið 1948 þegar gyðingar fengu 78% af landsvæði Palestínu fyrir sig. Hér eftir verður vitnað í þessi átök sem átökin árið 1948. Í raun áttu gyðingar að fá 53% landsvæðisins eftir kosningu hjá Sameinuðu þjóðunum en hin 25% fengu þeir með hernámi. Gyðingar tóku til sín meira en þeir áttu tilkall til. Jórdanía tók afganginn, sem gyðingar náðu síðar af þeim (Killgore, 1992). Loforðið um vernd á réttindunum innfæddra Palestínumanna samkvæmt Balfour-yfirlýsingunni var ekki efnt. Árið 1948 voru 750.000-840.000 Palestínubúar reknir á brott frá heimilum sínum og komið var í veg fyrir að þeir gætu

snúið aftur til síns heima. Mörg palestínsk þorp og borgir voru eyðilagðar (Abu-Manneh, 2008).

3.3 Sex daga stríðið

Í júní 1967 hófst stríð Ísraelsmanna við Egypta, Jórdana og Sýrlendinga. Sigur Ísraelsmanna var bæði skjótur og afgerandi. Á einungis sex dögum náðu þeir að sigra her Araba, tortíma flugher þeirra og hernema Sínaí-skaga í Egyptalandi, Gaza-svæðið í Palestínu, Vesturbakka Jórdaníu og Gólan-hæðir í Sýrlandi (Dyer, 2007).

Á þessum tíma bjuggu 440.000 innfæddir Palestínumenn á Vesturbakkanum auk 280.000 palestínskra flóttamanna, sem flúið höfðu heimili sín í kjölfar átakanna árið 1948. Á Gaza-svæðinu bjuggu 90.000 innfæddir Palestínumenn og 190.000 palestínskir flóttamenn og skapaði því sigur Ísraelsmanna í stríðinu mikla ógæfu fyrir þá. Hernám Ísraelsmanna á Vesturbakkann og Gaza-svæðið leiddi af sér enn meiri fólksflóttu meðal Palestínumanna sem streymdu nú til Austur-Jórdaníu, Sýrlands, Líbanons og Egyptalands (American Near East Refugee Aid, e.d.-a).

Enn í dag er yfir helmingur Palestínumanna á víð og dreif um heiminn sem hafa ekki tilkall til búsetu í neinu landi. Palestínumenn hafa hvorki fengið arf vegna eigna fjölskyldna sinna í Palestínu fyrir árið 1948 né bætur vegna heimilissmissis, landsmissis og atvinnumissis (Killgore, 1992). Hundruð palestínskra bæja voru rýmdir í kjölfar átakanna 1948 og sex daga stríðsins. Þessir bæir voru heimili þeirra Palestínumanna sem eru flóttamenn í dag (United Nations, 2008).

3.4 Palestína missir sjálfstæði sitt

Árið 1969 lýsti þáverandi forsætisráðherra Ísraels, Golda Meir, því yfir að Palestína væri ekki lengur sjálfstætt ríki. Þegar Palestína hætti að vera opinberlega viðurkennt ríki misstu Palestínumenn ríkisfang sitt. Þetta vandamál er enn óleyst og er aðalástæða fyrir ríkisfangsleysi Palestínumanna enn í dag (Halasa, 2002). Það var ekki fyrr en árið 2012, sem allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna viðurkenndi Palestínu sem fullvalda ríki (The Guardian, 2014). Jákvæð breyting hefur átt sér stað undanfarin ár þar sem fleiri þjóðir hafa samþykkt Palestínu sem fullvalda og sjálfstætt ríki. Ísland viðurkenndi sjálfstæði Palestínu árið 2012. Einnig hafa Búlgaría, Kýpur, Tékkland, Ungverjaland, Malta, Pólland og Rúmenía gert slíkt hið sama. Í lok árs 2014 viðurkenndi Evrópuþingið og sænska

ríkisstjórnin formlega sjálfstætt ríki Palestínu. Þá hefur breska, írski, fransk, portúgalska og spænska þingið samþykkt tillögur, sem hvetja til viðurkenningu Palestínu sem sjálfstæðs ríkis. Sú viðurkenning er stórt skref fram á við í baráttu Palestínumanna, þar sem hún táknar breytt viðhorf ráðamanna hvað varðar deilu milli Palestínumanna og Ísraelsmanna (Evrópan, 2014).

3.5 Eftirköst átakanna 1948 og sex daga stríðsins

Eftir átökin 1948 stóðu Palestínumenn uppi með 22% af því landsvæði sem áður tilheyrði Palestínu. Þrátt fyrir að Palestínumenn höfðu nú aðeins brot af því svæði sem þeir áttu áður til umráða, bjuggu þar yfir ein milljón Palestínumanna. Í dag er fjöldinn kominn yfir 2,5 milljónir. Þessi mikli fjöldi Palestínumanna á palestínsku umráðasvæðunum (e. Occupied Palestinian Territories, OPT) skapaði lýðfræðileg vandræði fyrir Ísraelsmenn. Í sex daga stríðinu misstu Palestínumenn frá sér það landsvæði sem þeir áttu eftir í hendur Ísraelsmanna. Í Ísrael bjuggu fyrir einhverjir palestínskir flóttamenn frá árinu 1948. Lýðfræðilega séð myndi þessi fjöldi Palestínumanna í Ísrael skapa töluvert vandamál fyrir gyðinga. Í lok sex daga stríðsins 1967 var hægt að finna Palestínumenn á einhverjum af eftirtöldum þremur svæðum:

- Í Ísrael sem ríkisborgari að berjast við kerfið um jafnrétti allra borgara og að ríkið sé fremur land þegna þess en ekki land gyðinga.
- Í Líbanon, Sýrlandi, Jórdaníu og í flóttamannabúðum á Vesturbakkanum og á Gaza-svæðinu.
- Á hernumdu svæði í Austur-Jerúsalem, á Vesturbakkanum eða á Gaza-svæðinu að bíða eftir því að Ísraelsmenn afturkalli herinn (Hagopian, 1997).

Í kjölfar Oslóarsamkomulagsins (e. The Oslo Accords) sem undirritað var 1993 af þáverandi leiðtoga Palestínsku frelsishreyfingarinnar (e. Palestine Liberation Organisation, PLO) Yasser Arafat og þáverandi forsætisráðherra Ísraels, Yitzhak Rabin, endurheimtu Palestínumenn það landsvæði sem þeir misstu í hendur Ísraelsmanna í sex daga stríðinu. Þessi landsvæði eru Austur-Jerúsalem, Vesturbakkinn og Gaza-svæðið (Negotiations Affairs Department, e.d.).

4 Flóttamannabúðir Palestínumanna í Mið-Austurlöndum

Þegar Ísraelsríki var stofnað árið 1948 flúðu rúmlega 700.000 Palestínumenn land sitt og settust flestir þeirra að í nágrennaríkjunum Líbanon, Jórdaníu og Sýrlandi (Yamout, Farran, Rmeileh, Hogan og Giacaman, 2012). Aðrir palestínskir flóttamenn flúðu á Vesturbakka Jórdansár og á Gaza-svæðið (United Nations Relief and Works Agency, e.d.-e). Hjá Palestínuflóttamannanefndinni, eða UNRWA samtökunum eins og hún verður kölluð hér eftir, eru skráðir flóttamenn í Jórdaníu 2.097.338 manns, 526.744 í Sýrlandi og í 449.957 Líbanon. Þá eru 1.258.559 flóttamenn á skrá hjá UNRWA samtökunum á Gaza-svæðinu og 762.288 á Vesturbakkanum (United Nations Relief and Works Agency, e.d.-e).

Alls halda UNRWA samtökin úti 58 viðurkenndum flóttamannabúðum í Líbanon, Jórdaníu, Sýrlandi, á Gaza-svæðinu og Vesturbakkanum að meðtalinni Austur-Jerúsalem (United Nations Relief and Works Agency, e.d.-e). Samtökin sjá ekki um að reka búðirnar en þær sjá hins vegar um að veita þjónustu til flóttamanna og reka til að mynda skóla, heilsugæslu og félagsþjónustu bæði í flóttamannabúðum og utan þeirra. Þau sjá heldur ekki um öryggi og löggæslu í búðunum en það er í höndum þess ríkis sem flóttamannabúðirnar tilheyra eða annara yfirvalda (United Nations Relief and Works Agency, e.d.-i).

Í kringum árið 1950 sinntu flóttamannasamtök flóttamönnum með góðum árangri. Ráðstöfunarfé þeirra fyrir hvern flóttamann var í kringum 25.000 ISK á ári. Lífsviðurværi og skólar fyrir flóttabörn voru í samræmi við aðra borgara í þeim ríkjum sem búðirnar tilheyrðu en í dag er sagan önnur. Flóttamönnum hefur fjölgað töluvert með árunum og frjáls fjárframlög til flóttamannasamtaka hafa ekki dugað til að sjá fyrir þörfum flóttamanna (Hansen, 2004).

4.1 Palestínskir flóttamenn í Líbanon

Hjá UNRWA samtökunum í Líbanon eru 450.000 palestínskir flóttamenn á skrá. Rúmlega helmingur þeirra dvelur í 12 viðurkenndum flóttamannabúðum í landinu þar sem þeir þjást vegna alvarlegra vandamála á borð við fátækt, plássleysi, atvinnuleysi og lélegt húsnæði. Fjórar aðrar flóttamannabúðir voru starfrækar í landinu en þrjár þeirra

eyðilögðust í borgarastríði Líbanon meðan sú fjórða var gerð óstarfhæf (United Nations Relief and Works agency, e.d.-h).

Af flóttamannabúðum Palestínumanna er aðstæðurnar í búðunum í Líbanon álitnar vera þær verstu hvað varðar fátækt, heilsu, menntun og líferni. Þar er prósentuhlutfall palestínskra flóttamanna, sem búa við algjöra örbirgð samkvæmt skráningu fátækraaðstoðar RSS (e. The Relief and Social Services) hæst hjá UNRWA. Fátækraaðstoðin hjálpar fjölskyldum sem draga fram lífið á fátæklegum matarskömmtum frá UNRWA samtökunum. Um helmingur heimila flóttamannabúða lifir á upphæð, sem samsvarar um 250 íslenskum krónum á mann á degi hverjum. Þetta hlutfall er mun hærra en það sem tíðkast í Jórdaníu og Sýrlandi, jafnvel þó að Líbanon hafi hlutfallslega hæstu innkomu á mann af þessum þremur löndum (Ibrahim, 2008).

Flóttamenn í Líbanon þurfa oft að takast á við mismunun, einangrun og félagslega útilokun. Þeir kalla sig oft „gleymda fólkið“, en þeir búa í fjandsamlegu umhverfi þar sem grundvallarmannréttindum þeirra er ekki sinnt (American Near East Refugee Aid, 2012). Algengt er að flóttamennirnir verði fyrir fordómum frá hinum almenna borgara ríkisins. Til að mynda er þeim oft kennt um útbreiðslu sjúkdóma og mikill skortur er á umburðarlyndi gagnvart hópnum (Ibrahim, 2008).

Líbanon er ekki aðili að flóttamannasamningi Sameinuðu þjóðanna og siðareglur þeirra viðurkenna ekki grundvallarréttindi og lögfræðilegar skyldur flóttamanna. Flóttamennirnir geta því hvorki sótt almenningsskóla í Líbanon né átt fasteign. Þeir hafa hvorki rétt á aðgengi að heilbrigðisþjónustu ríkisins né almannatryggingum. Ríkisfangslausir Palestínumenn njóta ekki sömu réttinda og innflytjendur, sem eru með ríkisfang í öðru landi. Eftirlitsstöðvar sem komið var upp við flóttamannabúðir þar í landi koma í veg fyrir að flóttamennirnir geti stundað viðskipti við nágrannasamfélög. Eina þjónustan við flóttamennina er því þjónustan sem UNRWA samtökin bjóða upp á (American Near East Refugee Aid, 2012). Ríkisstjórnin í Líbanon segir ákvörðunina um að veita palestínskum flóttamönnum ekki ríkisfang vera tilkomna vegna þess að annars myndu réttindi þeirra um að snúa aftur til Palestínu í framtíðinni verða að engu. Það myndi einnig koma trúarhópum í uppnám, sem ríkisstjórnin treystir á. Í landinu er mikil spennan milli kristinna og múslima og þar sem flestir flóttamennirnir eru múslimar myndi það skapa enn meira uppnám milli trúarhópanna en er nú þegar. Með þessu hefur

ríkisstjórnin sent palestínska flóttamenn í örbirgð, þar sem þeim gefst ekki tækifæri til að verða sér út um vinnu og þurfa að treysta algjörlega á aðstoð frá UNRWA (Ibrahim, 2008). Ónefndur þingmaður líbanska ríkisins lýsti því yfir að opinber stefna þeirra væri að halda Palestínu flóttamönnunum varnarlausum og óvissu um stöðu sína og möguleikum þeirra á ríkisfangi og varanlegri búsetu í lágmarki. Efnahagur þeirra og öryggisráðstafanir fylgja þessu. Hann viðurkenndi eigi að síður að stefna þeirra í dag ætti í raun að vera sú að finna jafnvægi milli ríkisborgararéttar og þess að viðurkenna réttindi Palestínumanna og bæta lífsskilyrði þeirra (Middle East Report N°84, 2009).

Líbanska ríkið hefur lítið hjálpað flóttamönnum sem dvelja í flóttamannabúðum. Ríkið hefur sett umsjá flóttamannabúða alveg í hendur UNRWA og annarra hjálparsamtaka á svæðinu. Erfitt er fyrir hjálparsamtökin að standa undir allri þjónustu fyrir flóttamennina og stafar það bæði vegna skorts á fjármagni og vöntunar á fleira starfsfólki (Middle East Report N°84, 2009).

4.2 Palestínskir flóttamenn í Sýrlandi

Flestir palestínskir flóttamenn sem flúðu til Sýrlands í kjölfar átakanna 1948 komu frá norðanverðri Palestínu. Þann 1. janúar 2011 voru 526.744 palestínskir flóttamenn á skrá hjá UNRWA og starfræktu samtökin níu flóttamannabúðir í landinu (United Nations Relief and Works Agency, e.d.-d). Árið 2011 hófst borgarastyrjöld í Sýrlandi sem stendur enn yfir. Samkvæmt upplýsingum frá Sameinuðu þjóðunum er áætlaður fjöldi látinna í borgarastríðinu í kringum 200.000 manns og hafa um 3,7 milljónir manna flúið frá Sýrlandi yfir til nágrannaríkja. Rúmlega helmingur þessara flóttamanna eru börn (BBC News, 2015).

Áður en borgarastríðið hófst í Sýrlandi höfðu palestínskir flóttamenn þar mikið af sömu réttindum og Sýrlendingar. Eini munurinn var sá að Palestínumenn höfðu hvorki sýrlenskt ríkisfang né kosningarétt. Engar hömlur voru á hvar þeir máttu vinna, hvert þeir mættu ferðast né aðgengi að þjónustu, líkt og aðgengi að heilbrigðisþjónustu og menntun. Í raun bauð Sýrland upp á bestu skilyrðin fyrir palestínska flóttamenn í Mið-Austurlöndum (Charles og Denman, 2013; United Nations Relief and Works Agency, e.d.-d; Said; 2009).

Palestínsku flóttamennirnir hafa að mörgu leyti gleymst þegar fjallað er um átökin í Sýrlandi og lítið er til af gögnum um þau. Árið 2014 var talið að meira en helmingur

flóttamannanna sem skráðir eru hjá UNRWA í Sýrlandi séu nú á flótta innan landamæra. Þá hafa 15% þeirra flúið til annarra ríkja, um 60.000 manns hafa flúið yfir til Líbanon og yfir 7.000 til Jórdaníu. Sumir hafa jafnvel flúið til Egyptalands eða á Gaza-svæðið (Charles og Denman, 2013; United Nations Relief and Works Agency, 2013). Flestir Sýrlenskir flóttamenn settust að í Líbanon. Um er að ræða 1 milljón sýrlenskra flóttamanna og 45.000 flóttamenn af palestínskum uppruna (Charles og Denman, 2013).

Palestínsku flóttamennirnir fóru illa út úr átökunum í Sýrlandi vegna ríkisfangsleysis síns. Ólíkt Sýrlensku flóttamönnunum í Líbanon er palestínski flóttamannahópurinn mjög berskjaldaður og eiga margir þeirra engin opinber ferðaskjöl og njóta minni verndar lagalega séð. Þá eru engin lög í gildi er varða atvinnutækifæri fyrir flóttamannahópinn. Sýrlenskir flóttamenn hafa fengið aðgang að landamærum Jórdaníu, Tyrklands og Líbanon meðan aðgangur hefur verið takmarkaður fyrir palestínska flóttamenn. Frá ágúst 2013 hefur Líbanon algjörlega lokað fyrir aðgang palestínskra flóttamanna inn í landið en áður höfðu þeir gefið þeim tímabundna vegabréfsáritun. Þegar vegabréfsáritun flóttamannanna rennur út er engin leið fyrir þá að fá endurnýjun eins og áður. Margir flóttamennirnir flökkuðu á milli Sýrlands og Líbanon en eftir að lokað var á þá geta þeir ekki nýtt sér aðstoð á vegum UNRWA samtakanna í Líbanon (Charles og Denman, 2013).

4.3 Palestínskir flóttamenn í Jórdaníu

Vegna landfræðilegrar staðsetningar og stjórn málaaðstöðu flúðu margir Palestínnumenn yfir til Jórdaníu, bæði eftir átökin árið 1948 og eftir sex daga stríðið. Árið 1948 var áætlað að 100.000 palestínskir flóttamenn hefðu farið yfir ánnu til Jórdaníu og hlotið skýli í tímabundnum flóttamannabúðum, moskum og skólum, bæjum eða þorpum. Flóttamennirnir bjuggu fyrst um sinn í tjaldbúðum þar til á síðari hluta sjötta áratugarins þegar UNRWA samtökin skiptu tjöldunum út fyrir endingarbetri skýli (Palestine News Network, 2012).

Nú eru 2.097.338 flóttamenn skráðir hjá UNRWA samtökunum í Jórdaníu. Af þeim 13 flóttamannabúðum sem samtökin starfrækja þarlendis eru þrjár þeirra ekki viðurkenndar þar sem landsvæði þeirra var ekki ráðstafað af ríkisstjórninni (United Nations Relief and Works Agency, e.d.-c). Flóttamenn sem flúðu yfir til Jórdaníu frá

Gaza-svæðinu í kjölfar sex daga stríðsins hafa fæstir jórdönsk ríkisborgararéttindi og geta því hvorki kosið né starfað í hinum opinbera geira. Þessi hópur flóttamanna hefði ekki rétt á því að snúa til síns landsvæðis í Palestínu skyldu þeir taka við jórdönsku ríkisfangi. Þeir myndu heldur ekki eiga rétt á skaðabótum vegna eignarsviptingar og útburðar. Samkvæmt reglugerð frá UNRWA halda palestínskir flóttamenn frá átökunum 1948, réttindum sínum í landinu þó þeir taki við jórdönsku ríkisfangi (Said, 2009).

Jórdanía hefur að geyma stærsta hlutfall palestínskra flóttamanna af öllum landsvæðum sem UNRWA starfrækir og dvelja um 370.000 palestínskir flóttamenn í flóttamannabúðum þar í landi. Flestir palestínskir flóttamenn í Jórdaníu hafa hlotið jórdönsk ríkisborgararéttindi (United Nations Relief and Works Agency, e.d.-c). Að hafa ríkisborgararétt þýðir að flóttamennirnir eru fullgildir meðlimir jórdanska ríkisins og njóta sömu pólitískra og borgarlegra réttinda og hinn almenni borgari Jórdaníu. Flestir þeir flóttamenn sem hafa ekki hafa öðlast ríkisborgararétt hafa fengið tímabundin jórdönsk vegabréf (Tiltnes og Zhang, 2013).

4.4 Palestínskir flóttamenn á Gaza-svæðinu og á Vesturbakkanum

Gaza-svæðið og Vesturbakkinn eru umráðasvæði Palestínu en samt sem áður eru 1,26 milljón flóttamanna á skrá hjá UNRWA samtökunum á Gaza-svæðinu og 762.288 flóttamenn á skrá á Vesturbakkanum. Fjórðungur flóttamanna á Vesturbakkanum býr í 19 flóttamannabúðum. Þrátt fyrir að Vesturbakkinn hafi mestan fjölda af viðurkenndum flóttamannabúðum miðað við nágrannaríkin, eru stærstu flóttamannabúðirnar á svæðinu, Batala, á stærð við minnstu flóttamannabúðirnar á Gaza-svæðinu (Negotiations Affair Department, e.d.; United Nations Relief and Works Agency, e.d.-g).

Yfir hálf milljón af þeim flóttamönnum sem búa á Gaza-svæðinu dvelja í átta viðurkenndum flóttamannabúðum starfræktum af UNRWA. Starfsfólk samtakanna er yfir 11.000. Síðustu ár hafa orðið miklar framfarir á þjónustunni sem UNRWA samtökin bjóða flóttamönnum á Gaza-svæðinu. Sem dæmi má nefna framfarir í menntakerfi og heilbrigðisþjónustu. Þjónusta fyrir þá allra fátækustu hefur einnig batnað eftir að framkvæmd var könnun á fátækt meðal palestínskra flóttamanna (United Nations Relief and Works Agency, e.d.-f).

UNRWA samtökin þjónusta flóttamenn á Gaza-svæðinu með því að betrubæta háskólamenntun, kenna nemendum betri viðmið og gildi, byggja viðbyggingar og

lagfæra húsnæði. Einnig passa þeir upp á gæði matar- og peningaúthlutunar til þeirra allra fátækustu. Samtökin stuðla að jafnrétti og mannréttindum fyrir alla og hlúir að sjálfstæðum atvinnurekstri með því að styðja við bakið á athafnamönnum á almennum vinnumarkaði (United Nations Relief and Works Agency, e.d.-f).

4.5 Húsnæðisaðstæður

Íbúar og þeir sem hafa starfað í eða heimsótt flóttamannabúðir Palestínumanna, hvort sem þær eru í Jórdaníu, Sýrlandi, Líbanon, á Vesturbakkanum eða á Gaza-svæðinu hafa mjög svipaða sögu að segja um húsnæðisaðstæðurnar sem flóttamennirnir búa við (Hansen, 2004). Slæmar húsnæðisaðstæður gera þeim lífið erfiðara en ella og ógna bæði andlegri og líkamlegri heilsu þeirra. Íðulega er fjölmennum fjölskyldum troðið í það sem kallað er „tímabundið húsaskjól“ þar sem opin holræsi og rotnandi sorp blasa við fólki. Aðstæður sem slíkar gera það að verkum að góður farvegur er fyrir útbreiðslu sjúkdóma (Ibrahim, 2008). Oft á tíðum eru flóttamannabúðir þröngsetnar og því er oft stutt á milli húsa. Í Jórdaníu er til dæmis algengt að götur flóttamannabúða séu frá tveimur til sex metrar á breidd. Svo þröngt er milli húsasunda að látið fólk þarf að fjarlægja upprétt þar sem líkkestur komast ekki á milli stíganna. Þá koma reglugerðir í veg fyrir að hægt sé að stækka húsin, hvort sem um ræðir á lóðrétta eða lárétta vegu. Oft á tíðum deila stórar fjölskyldur heimili þar sem þröngt er um manninn í búðunum. Íðulega er um að ræða stórar fjölskyldur, jafnvel 13 manns, sem deila gluggalausum herbergjum. Sumstaðar eru húsnæðisaðstæður svo slæmar að mæður sofa með börnin sín í fanginu til að verja þau fyrir rottum (Palestine News Network, 2012; Hansen, 2004). Í Líbanon eru margar flóttamannabúðir í niðurníðslu vegna borgarastyrjaldar. Byggingarnar eru margar holóttar eftir byssukúlur eða hafa jafnvel verið sprengdar í loft upp. Löggjöf á vegum líbönsku ríkisstjórnarinnar kemur í veg fyrir að flóttamennirnir geti farið með efnivið inn í búðirnar. Því hafa flóttamennirnir ekki kost á að reyna að bæta húsnæðisaðstæður sínar (Ibrahim, 2008; Christoff, 2004).

4.6 Aðgengi að vatni og hreinlætisaðstöðu

Oft á tíðum er aðgengi að hreinu vatni og hreinlætisaðstöðu í flóttamannabúðum Palestínumanna ekki upp á marga fiska. Mörg heimilanna eru ekki tengd við holræsakerfi og þau sem eru tengd kljást við tíðar bilanir (Harvey, Garwood og El-Masri, 2013). Þegar rignir flæðir upp úr holræsunum í vistarverurnar (Hansen, 2004).

Hjálparsamtök gáfu einu sinni úttektarmiða til fjölskyldna svo þau gætu fengið hreint vatn, en því hefur nú verið hætt. Skortur á þessari þjónustu ógnar heilsu flóttamannana og gerir þá varnarlausa gagnvart sjúkdómum og sýkingum. Faraldrar lúsa og kláðamaura hafa til dæmis herjað á sumum svæðum sökum vatns- og hreinlætisskorts (Harvey og fleiri, 2013).

4.7 Líkamleg og andleg heilsa

Þar sem flóttamennirnir hafa oft ekki efni á einkarekinni heilbrigðisþjónustu, treysta flestir þeirra á heilsugæslu í boði UNRWA samtakanna (Sabatinelli, Pace-Shanklin, Riccardo og Shahin, 2009). UNRWA samtökin starfrækja 29 heilsugæslustöðvar í Líbanon, 23 í Sýrlandi og Jórdaníu, 42 á Vesturbakkanum og 22 á Gaza-svæðinu (United Nations Relief and Works Agency, e.d.-e).

Vanbúnaður á aðstöðu fyrir heilbrigðisþjónustu og nauðsynlegan útbúnað hefur neikvæð áhrif á heilsufar flóttamannanna og neikvæðar afleiðingar þegar til lengri tíma er litið (Palestine News Network, 2012). Heilsugæslan sem UNRWA býður upp á þarfnast mikilla umbóta. Hreinlætisaðstaðan þar er mjög slæm, starfsfólkið er illa þjálfað og lítil eftirfylgni er með sjúklingum (Hansen, 2004). Vöntun er á læknum til að anna eftirspurn um lækniaðstoð og takmarkaður opnunartími heilsugæslunnar gerir það að verkum að lítill tími gefst til að annast hvern og einn sjúkling. Mikið álag er á þá lækna sem eru starfandi í flóttamannabúðunum. Talið er að einn læknir hitti um 80-115 sjúklinga á degi hverjum. Því hafa lækarnir ekki nema fáeinar mínútur til að annast hvert tilfelli fyrir sig (Ibrahim, 2008; Hansen, 2004). Líkt og annars staðar í heiminum finnast sjúklingar í flóttamannabúðum, sem eru að kljást við óalgenga sjúkdóma. Vöntun er á sérfræðingum sem bjóða upp á sérhæfða lækni meðferð fyrir þessa sjúklinga. Því er um að ræða mikinn mun á mannaflí, gæðum og aðgengi að heilbrigðisþjónustu hjá UNRWA samtökunum miðað við almenna heilbrigðisþjónustu (Palestine News Network, 2012).

Nýleg rannsókn gaf til kynna að yfir helmingur flóttamanna fái ekki næga læknishjálp í Líbanon og aðalástæðan er að sú að þeir hafa ekki efni á henni (Harvey og fleiri, 2013). Heilsa flóttamanna í Líbanon, hvort sem um er að ræða börn eða fullorðna, er mun lakari miðað við heilsu flóttamanna í Jórdaníu, Sýrlandi, á Vesturbakkanum og á Gaza-svæðinu. Dánartíðni meðal barna og mæðra og hlutfall flóttamanna sem þjáist

vegna fötlunar, geðrænna vandamála, næringarskorts og ólæknandi sjúkdóma er einnig mun hærri í flóttamannabúðum í Líbanon en annars staðar (Ibrahim, 2008).

Sjúkdómar sem eru tilkomnir vegna lítils hreinlætis, til að mynda lifrabólga og taugaveiki, ógnar oft flóttamönnum. Einnig er algengt að flóttamenn þjáist vegna járns- og A-vítamínskorts (Sabatinelli og fleiri, 2009). Samkvæmt könnun sem framkvæmd var af UNRWA árið 2010 þjáist þriðjungur palestínskra flóttamanna af krónískum sjúkdómum og 4% þeirra þjáist af einhvers konar hreyfihömlun. Hár blóðþrýstingur er þess að auki mjög algengur vegna matarvenja flóttamanna (Chaaban, J., Ghattas, H., Habib, R., Hanafi, S., Sahyoun, N., Salti o.fl., 2010).

Óviðunandi aðstæður í búðunum, ofbeldi, pólitísk og almenn óvissa geta leitt til geðrænna vandamála (Sabatinelli og fleiri 2009). Þegar um andlega sjúkdóma er að ræða þarf heilsugæslan að geta sannfært bæði flóttamennina sjálfa og samfélagið sem þeir eru í, um að fólk með geðraskanir hafi jafn mikla þörf fyrir meðferð og fólk sem þjáist af líkamlegum sjúkdómum. Einnig þarf að byggja upp traust svo þeir sem þjáist af geðrænum sjúkdómum leiti sér hjálpar. Í umhverfi eins og flóttamannabúðum, þar sem erfitt er að fá vinnu og lífsskilyrði eru slæm, eru þunglyndi, kvíði og aðrir geðrænir kvillar algengir. Almenn er lítil þekking meðal flóttamannanna á geðsjúkdómum og meðhöndlun á þeim er yfir höfuð engin. Þeir sem þjáist af slíkum sjúkdómum eru oft litnir hornauga og kallaðir „sturlaðir“. Þeir eru útskúfaðir og einangraðir frá samfélaginu, jafnvel af sinni eigin fjölskyldu. Lítið er fjallað um geðsjúkdóma meðal flóttamanna og því er lítið leitað eftir hjálp til að takast á við þá. Það sem gerir ástandið verra er að lítil sem engin meðferð er í boði vegna geðsjúkdóma almennt í flóttamannabúðum. Þjónusta vegna geðheilsu er ekki álitin vera grundvallarþjónusta. Það var ekki fyrr en nýlega sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (e. World Health Organisation, WHO) viðurkenndi mikilvægi þess konar þjónustu og vinnur nú að því að bæta aðgengi að slíkri grundvallarþjónustu (Forgione, 2012).

Framtíð palestínskra flóttamanna í flóttamannabúðum er jafnframt bundin því hvernig fylgst er með þroska og vexti barnanna, hvernig konurnar eru verndaðar gegn heilsufarslegum afleiðingum þungunar, hvernig fullorðnir einstaklingar eru meðhöndlaðir og hvað þeim er ráðlagt að gera varðandi algenga sjúkdóma. Þess vegna

er mjög mikilvægt að flóttamennirnir fái þá bestu heilbrigðisaðstoð sem möguleg er (Sabatinelli og fleiri, 2009).

4.8 Menntun

UNRWA samtökin reka 245 skóla á Gaza-svæðinu, 97 á Vesturbakkanum, 42 í Sýrlandi, 69 í Líbanon og 173 í Jórdaníu (United Nations Relief and Works Agency, e.d.-j). Aðstæður í skólunum eru slæmar, skólastofurnar eru yfirfullar, lítil hvatning frá kennurunum til náms og fá atvinnutækifæri eru fyrir nemendur að loknu námi. Þetta eru aðalástæður þess að flóttabörn eru gjörn á að hætta í skóla áður en skólagöngu þeirra er lokið. Oft finnst börnunum ekki þess virði að stunda áframhaldandi nám, þar sem þau hafa ekki efni á að fara í framhaldsnám eða háskóla (American Near East Refugee Aid, 2013; Harvey og fleiri, 2013). Kennararnir í skólunum eru með 43 nemendur að meðaltali og þurfa börnin að deila borðum, bókum, skriffærum og öðru kennsluefni, sem gerir þeim erfiðara fyrir að læra. Þar sem fjöldi nemenda er mun meiri en fjöldi skóla hefur UNRWA tekið upp á því að skipta kennslunni niður í tvær vaktir (Ibrahim, 2008).

Fjöldi flóttabarna þjáist af langvarandi heilsufarsvandamálum sem gerir það að verkum að þau eiga erfitt með að ganga í skóla. Einnig er fátækt mikið vandamál sem verður oft til þess að börnin neyðast til að hætta námi. Viðhorfið hjá palestínsku flóttamönnunum er oft það að ákjósanlegt sé að börn fari snemma út á vinnumarkaðinn svo þau geti hjálpað til við að sjá fyrir sér og fjölskyldu sinni. Algengara er að drengir hætti í skóla fyrir launaða vinnu meðan stúlkur hætta sinni skólagöngu frekar til að hugsa um fjölskyldumeðlimi sína. Minna ráðstöfunarfé UNRWA gerir það einnig að verkum að erfitt er fyrir samtökin að bjóða upp á góða kennslu í skólunum (Harvey og fleiri, 2013). Í Líbanon er flóttamönnum bannað með lögum að starfa í ákveðnum sérfræðigreinum, því finnst flóttabörnum þarlendis oft lítill tilgangur fyrir framhaldsmenntun. Sýnt hefur verið fram á að skólarnir í Líbanon mælast með hæsta brottfall meðal barna í miðri skólagöngu (Ibrahim, 2008). Einnig hefur aðgengi skólanna mikið að segja. Sum flóttabörn verða að ferðast langa og jafnvel hættulega leið í skólann. Til eru dæmi um að stúlkur fái ekki leyfi frá foreldrum sínum til þess að ganga í skóla vegna þess að skólarnir eru oft fyrir börn af alls konar kynþáttum. Önnur ástæða

fyrir því að börn kjósa að ljúka skólagöngu sinni fyrr getur verið vegna tungumálaörðugleika (Harvey og fleiri, 2013).

Allt til ársins 1992 bauð UNRWA upp á skólastyrki til flóttamanna svo þeir gætu stundað nám bæði í einkareknum og ríkisreknum skólum. Þessu var þó hætt þar sem fjárhagur samtakanna leyfði það ekki lengur. Nú er mjög takmarkaður fjöldi sem fær skólastyrk til háskólanáms á vegum samtakanna (Ibrahim, 2008).

4.9 Atvinna

Í Sýrlandi, Jórdaníu, á Gaza-svæðinu og Vesturbakkanum njóta flestir flóttamenn sömu eða svipaðra réttinda og hinn almenni borgari. Þannig er atvinnumálum flóttamanna í Líbanon ekki háttað (Said, 2009).

Ríkisstjórnin í Líbanon krefst þess að palestínskir flóttamenn sækji um atvinnuleyfi áður en þeir finna sér atvinnu. Þeir fá atvinnuleyfið þó sjaldnast. Á árunum 1982 til 1992 var til dæmis öllum þeim sem sóttu um atvinnuleyfi hafnað. Einnig er þeim meinað að gegna ákveðnum sérfræðistörfum. Flóttamenn sem hljóta atvinnuleyfi fara flestir að vinna í byggingarvinnu, við sorphreinsun, í landbúnaði, bílaþvotti eða í rafvirkjun. Einnig fá flóttamennirnir að vinna sem hjúkrunarstarfsmenn, við barnagæslu og sem þjónar og matreiðslumenn. Nýlegar umbætur á reglugerðum á sviði atvinnumála hefur opnað tækifæri fyrir flóttamennina í ritarastörf og í stjórnunarstöður. Þeir eru enn útilokaðir þegar kemur að ýmsum faglærðum störfum, eins og læknastörf, lögfræðistörf eða framkvæmdastjórnun. Þeir flóttamenn sem eru með vinnu njóta þó ekki þeirra réttinda sem félagsþjónustan býður upp á (Ibrahim, 2008).

Fá atvinnutækifæri flóttamannanna hafa í för með sér að slæmar fjárhagslegar aðstæður eru í flóttamannabúðunum. Flóttamennirnir sem þar eru, eru jafnvel einstaklingar sem dvalið hafa í flóttamannabúðum frá átökunum 1948 og hafa alltaf búið við slæm atvinnutækifæri (Christoff, 2004).

Í viðtali sem birtist í *Los Angeles Times* er sagt frá Ammar, palestínskum flóttamanni sem býr í flóttamannabúðunum Burj el-Shemali í Líbanon. Honum tókst að finna sér vinnu sem flísalagningarmaður á svarta markaðnum í Líbanon. Svarti markaðurinn er oft eini kosturinn fyrir palestínska flóttamenn til að fá vinnu meðan þeir eru í flóttamannabúðum. Aðstæðurnar á svarta markaðnum eru iðulega erfiðar og kaupðið er lágt. Þar sem Ammar er Palestínumaður fær hann lægri laun en vinnufélagar hans og er

oft látinn vinna erfiðustu verkin. Í viðtali sem haft er eftir systur hans sagði hún: Hann kemur heim á hverju kvöldi uppgefinn og bitur, en við teljum okkur vera heppin (d'Arc Taylor, 2013).

5 Áhrif flóttamannabúða á líðan flóttamanna

Aðstæður flóttamanna geta breyst töluvert þegar þeir setjast að í flóttamannabúðum. Bæði konur jafnt sem karlar þurfa oft að endurskilgreina hvaða hlutverki þau gegna innan fjölskyldunnar. Þeirra daglega hlutverk, hvort sem það er sem fyrirvinna heimilisins eða umönnun heimilishalds getur breyst við þær aðstæður sem taka á móti þeim í flóttamannabúðum (Harvey og fleiri, 2013).

Palestínskar flóttakonur misstu mikið af þeim afkastamiklu hlutverkum sem þær höfðu sinnt áður en þær urðu að flýja heimili sín. Þær höfðu gengt ýmsum hlutverkum eins og samfélagsvinnu með feðrum sínum, bræðrum og eiginmönnum og unnið á ökrunum. Í flóttamannabúðum eru hlutverk kvenna takmörkuð innan landamæra búðanna og hefur það áhrif á stöðu þeirra og hlutverk innan samfélagsins. Konur og börn þjást mestmegnis vegna fyrirkomulags og þjónustu í búðunum, það er að segja vegna aðgengis að vatni og rafmagni og óhreinlætis sem kemur vegna sorps sem safnast saman í búðunum. Lítið aðgengi að almenningsrýmum fyrir félagslega starfsemi hefur sérstaklega áhrif á konur. Það er vegna þess að konur eru líklegri til að dvelja stundum saman á heimilum sínum vegna menningarlegra og efnahagslegra aðstæðna, sem eru tilkomnar vegna yfirfullra flóttamannabúða. Hlutverk kvenna er mestmegnis inni á heimili fjölskyldunnar en heimilin sem þær halda takmarkast iðulega af efnahagi fjölskyldunnar. Yfirfull heimili gera það að verkum að erfiðara er fyrir konur að sjá um þau og framfylgja þeim ýmsu hlutverkum, sem eru í þeirra verkahring. Einnig er erfiðara fyrir þær að halda heimilunum hreinum og njóta næðis (Al-Khatib, Arafat og Musmar, 2005).

Áhugaverð eigindleg rannsókn var gerð árið 2013 á kynhlutverki sýrlenskra og palestínskra flóttamanna í Líbanon. Rannsóknin beindist að upplifun flóttamanna á breyttu kynhlutverki, bæði í heimilislífi og á vinnumarkaðinum. Athugað var hvaða afleiðingar þessi breyting hefði á líf þeirra. Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu ýmislegt í ljós sem skýrir betur félagslega stöðu og hvernig sjálfsmynd flóttamanna getur breyst í kjölfar þessara nýju aðstæðna (Harvey og fleiri 2013).

Karlar voru helsta fyrirvinna heimilisins áður en fjölskyldan flúði í flóttamannabúðir. Reglugerð líbanska ríkisins gerir þeim erfiðara fyrir að finna vinnu og er mikill fjöldi þeirra atvinnulaus. Þá upplifðu margir karlmenn að karlmennsku þeirra væri ógnað

þegar þeir urðu atvinnulausir. Þeir litu á sig sem gagnslausa þar sem þeir höfðu misst hlutverk sitt sem fyrirvinna fjölskyldunnar. Að missa lykilhlutverk sitt hefur mjög neikvæðar afleiðingar á flóttamennina og verður til þess að sjálfstraust þeirra verður lítið. Karlmennirnir eiga það til að taka reiðina út á fjölskyldu sinni og hefur heimilisofbeldi færst í aukana þar sem sumir karlmenn misnota vald sitt innan veggja heimilisins. Eina hlutverk þeirra eftir að hafa misst vinnuna er oftast að sjá um fjármál heimilisins. Þeir ákveða í hverju peningunum er eytt en konurnar sjá yfirleitt um að taka á móti þeim vörum sem þeim er úthlutað í búðunum (Harvey og fleiri, 2013).

Samkvæmt rannsókninni voru bæði konur og karlar sammála um að breytingar á kynhlutverki þeirra í kjölfar flutnings í flóttamannabúðir sé orsök mikillar vanlíðan. Í búðunum hefur hlutverk kvenna aukist bæði þegar kemur að heimilisstörfum og að sjá fyrir fjölskyldunni. Karlmenn virðast ekki taka á sig neina aukna ábyrgð þegar kemur að heimilishaldi. Þeir eyða dögnum í atvinnuleit eða eru með vinum sínum. Vinnuálag kvenna eykst en álag á karlana minnkar. Bæði aukin og minni ábyrgð flóttamannanna leiðir til líkamlegs og andlegs álags. Streita hjá körlunum er tilkomin vegna þess að þeir upplifa sig vanmáttuga í flóttamannabúðunum þegar aðalhlutverk þeirra innan fjölskyldunnar hefur verið tekið af þeim. Streita kvennanna er aftur á móti tilkomin því þær hafa ekki lengur aðgang að þeim úrræðum og þjónustu sem stóð þeim til boða áður en í flóttamannabúðirnar var komið. Sumar konur sögðu að þær hefðu meira frelsi í flóttamannabúðunum en í heimalandi sínu, þá að mestu leyti vegna þess að það væri í raun nauðsynlegt, eins og til dæmis verða þær að yfirgefa heimili sitt til þess að sækja vatn. Aðrar konur upplifðu sig í hættu staddar ef þær færu út fyrir hússins dyr þar sem þær voru hræddar um að verða fyrir ofbeldi og áreiti á götum Líbanon. Þá virðast flestar konur finna fyrir þrýstingi til að standa sig í þeirra meginhlutverki, að sjá um heimilið og uppeldi barnanna. Hjá sumum kvennanna hafði nýtt hlutverk bæst við og það er að sjá um fjárhagslega innkomu fjölskyldunnar. Einhverjar konur líta á aukna ábyrgð sína sem aukið vald, sem karlar eru ekki ánægðir með og segja að það hafi slæm áhrif á sjálfstraust þeirra (Harvey og fleiri, 2013).

6 Flóttamannasamtök

Hjálparsamtök sem sjá um málefni flóttamanna eru kölluð flóttamannasamtök. Hlutverk þeirra er að hlúa að vernd flóttamanna, aðstoða þá og vinna með ríkisstjórnunum í að finna lausn á vandkvæðum þeirra (United Nations High Commissioner for Refugees, e.d.-c). Stærstu flóttamannasamtökin eru Palestínuflóttamannanefndin og Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna en þau eru viðbragð Sameinuðu þjóðanna við flóttamannavandanum (United Nations High Commissioner for Refugees, e.d.-b; Tristam, e.d.).

Sameinuðu þjóðirnar eru ekki eina stofnunin sem réttir flóttamönnum hjálparhönd, heldur starfa ýmis félagasamtök einnig með flóttamönnum. Í þessum kafla verður fjallað um nokkur af helstu hjálparsamtökum palestínskra flóttamanna og sagt frá starfsemi þeirra.

6.1 Palestínuflóttamannanefndin

Palestínuflóttamannanefndin eða UNRWA samtökin (e. United Nation Relief and Works Agency), eru samtök á vegum Sameinuðu þjóðanna. Starfsemi samtakanna hófst þann 8. desember 1949 í kjölfar ágreinings milli Ísraelsmanna og Palestínumanna (e. Israeli-Palestinian conflict). Í fyrstu áttu samtökin aðeins að starfa tímabundið en þar sem erfitt hefur verið að finna ásættanlega lausn á vandamálum palestínskra flóttamanna eru samtökin starfandi enn í dag (Tristam, e.d.). Stuðningur samtakanna við palestínska flóttamenn felst í umsjá menntunar, heilsugæslu, húsnæðis, veitingu smálána og fæðis (United Nations High Commissioner for Refugees, e.d.-b).

Samkvæmt skilgreiningu samtakanna eru palestínskir flóttamenn þeir einstaklingar sem áttu fasta búsetu í Palestínu á tímabilinu 1. júní 1946 til 15. maí 1948, en misstu heimili sín og lífsviðurværi vegna átakanna við Ísraelsríki. Þá eru afkomendur þeirra flóttamanna meðtaldir. Í maí árið 1951 féllu 950.000 Palestínumenn undir ofantalda skilgreiningu. Í dag eru flóttamennirnir og afkomendur þeirra yfir 4,6 milljónir talsins (United Nations Relief and Works Agency, e.d.-a). Þrátt fyrir að þeir Palestínumenn sem lögðu á flótta eftir sex daga stríðið árið 1967 falli ekki undir ofantalda skilgreiningu veita samtökin þeim oft þjónustu í samræmi við stefnu Sameinuðu þjóðanna að halda áfram að veita flóttamönnum mannúðar- og neyðaraðstoð vegna stöðu sinnar utan

skilgreiningar samtakanna (United Nations Relief and Works Agency For Palestine Refugees in the Near East, e.d.).

Nær allt fjármagn samtakanna er fengið með frjálsum styrkjum frá ríkisstjórnun en samtökin taka einnig við fjárstyrkjum frá félagasamtökum. Fjármagnið kemur að mestu leyti í formi fjárstyrkja, en einnig eru dæmi um styrki í formi matvöru, nauðsynjavöru og lyfja- og heilbrigðisvörubirgða (United Nations Relief and Works Agency, e.d.-i).

Starfsfólk á vegum UNRWA samtakanna eru yfir 28.000 og er stór hluti þeirra palestínskir flóttamenn (United Nations Relief and Works Agency, e.d.-a). Þjónusta á vegum samtakanna býðst öllum palestínskum flóttamönnum, óháð því hvort þeir búa í flóttamannabúðum eða í borgum eða bæjum þar sem UNRWA samtökin starfa. Afkomendur palestínskra flóttamanna geta einnig skráð sig hjá samtökunum. Samtökin eru því einnig að þjónusta aðra, þriðju og fjórðu kynslóð palestínskra flóttamanna. Þjónusta við afkomendur felst meðal annars í því að gefa út sérstök persónuskilríki fyrir yngri kynslóðina, sem staðfesta að viðkomandi sé afkomandi flóttamanns frá 1948. Þeir sem eiga slík persónuskilríki hafa aldrei flúið heimili sín og búa í því landi sem þeir fæddust í en eru samt sem áður skilgreindir samkvæmt UNRWA sem flóttamenn (Nachmias, 2014).

6.1.1 Hlutverk UNRWA í palestínskum flóttamannabúðum

Landsvæði undir flóttamannabúðir er ráðstafað af ríkisstjórn þess ríkis, sem landsvæði búðanna tilheyrir. UNRWA samtökin sjá að öðru leyti um að taka á móti flóttamönnunum og setja upp aðstöðu sem á að koma á til móts við þarfir þeirra. Landsvæðin undir búðirnar eru ekki í eigu flóttamannanna heldur fá þeir að dvelja þar í leyfi ríkisstjórnar eða landeiganda. UNRWA samtökin sjá ekki um löggæslu, heldur er það í höndum ríkisins sem landsvæði búðanna tilheyrir. Samtökin sjá aftur á móti um að í hverjum búðum sé þjónustumiðstöð, sem flóttamennirnir geta leitað til, skrásett sig og vakið athygli á vandamálum sem viðkoma þjónustu á vegum samtakanna. Einnig kemur það í hlut UNRWA samtakanna að reka skóla, heilbrigðisþjónustu og afhenda nauðsynjavörur (United Nations Relief and Works Agency, e.d.-b).

UNRWA samtökin sjá einnig um að þjónusta þau svæði sem teljast ekki til viðurkenndra flóttamannabúða (United Nations Relief and Works Agency, e.d.-b). Flóttamannabúðir sem teljast ekki vera viðurkenndar eru þær búðir sem ríkisstjórn

viðkomandi ríkis hefur ekki úthlutað landsvæði (Alami, 2009). Eignarréttur landsvæðis getur aftur á móti gert samtökunum erfitt fyrir að veita þeim flóttamönnum aðstoð sem dvelja í óviðurkenndum flóttamannabúðum (American Near East Refugee Aid, 2012).

Þrátt fyrir að UNRWA samtökin hafi aðstoðað flóttamennina á áhrifaríkan hátt áður fyrr hefur aukinn fjöldi flóttamanna og minna ráðstöfunarfé samtakanna ekki dugað og hafa þau því orðið að skera niður þá þjónustu sem þeir bjóða upp á (Sabatinelli o.fl., 2009; Ibrahim, 2008).

6.2 Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna

Í kjölfar seinni heimstyrjaldarinnar var flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (e. United Nations High Commissioner for Refugees, UNHCR) stofnuð. Samtökunum var ætlað að hjálpa Evrópubúum sem voru á landflótta í kjölfar seinni heimsstyrjaldarinnar. Sameinuðu þjóðirnar stofnuðu samtökin þann 14. desember 1950 og var þeim ætlað að vera tímabundin stofnun sem leysa ætti vandamál flóttamanna á þremur árum. Það ætlunarverk tókst ekki og eru samtökin starfandi enn í dag (United Nations High Commissioner for Refugees, e.d.-b). UNHCR samtökin eiga að veita flóttamönnum vernd og hjálp og leita varanlegra lausna fyrir þá og aðra sem þurfa á alþjóðlegri vernd að halda (United Nations Relief and Works Agency, e.d.-a). Líkt og UNRWA, fær UNHCR megnið af sínu fjármagni með frjálsum fjárframlögum ríkja. Samtökin fá einnig fjárstyrki frá félagasamtökum, fyrirtækjum í einkageira og frá almenningi (United Nations High Commissioner for Refugees, e.d.-d).

Þegar UNHCR samtökin voru stofnuð var ákveðið að starfsemi UNRWA samtakanna myndi einungis vera í Mið-Austurlöndum og UNHCR samtökin væru undanskilin umboði UNRWA (Ibrahim, 2008). UNHCR sjá því ekki um að vernda og aðstoða palestínska flóttamenn nema þeir séu staðsettir fyrir utan starfrækt svæði UNRWA (United Nations Relief and Works Agency, e.d.-a). Afleiðing þessarar ákvörðunar varð til þess að palestínskir flóttamenn eru einu flóttamennirnir í heiminum sem njóta ekki alþjóðlegrar löggjafar og líkamlegrar verndar, sem UNHCR veitir flóttamönnum í sínu umboði. Þess í stað verða palestínskir flóttamenn að treysta á þau ríki sem þeir flýja til, hvað varðar vernd og tryggingar, þar sem UNRWA hefur ekki vald til að standa vörð um mannréttindi þeirra (Ibrahim, 2008).

Síðustu 55 árin hafa UNRWA og UNHCR samtökin unnið saman og með þeim ríkjum sem hýsa palestínska flóttamenn. Samvinnan ýtir undir að flóttamennirnir hljóti stuðning og vernd þar sem þeir dvelja. Á síðustu árum hefur samvinnan orðið nánari og leiðir hún af sér betra upplýsingaflæði milli samtakanna og ríkis og reyna þau, með sameiginlegu átaki að leysa þau vandamál sem palestínskir flóttamenn standa frammi fyrir (United Nations Relief and Works Agency, e.d.-a).

6.3 American Near East Refugee Aid

Félagasamtökin American Near East Refugee Aid (ANERA) voru stofnuð eftir sex daga stríðið árið 1967. Afleiðingar átakanna voru meðal annars þær að fjöldi Palestínnumanna urðu heimilislausir og sviptir auði og eignum. ANERA eru óháð samtök sem stofnuð voru af áhyggjufullum Bandaríkjamönnum, sem vildu útvega tafarlausa aðstoð fyrir fórnarlömb átakanna. Allmargir Bandaríkjamenn sem rekja ættir sínar til Palestínu tóku þátt í stofnun samtakanna, sem og aðrir einstaklingar sem tengdust Palestínu á einhvern hátt. Samtökin brugðust við hættuástandinu þegar í stað með herferð í formi fjármagnssöfnunar og útvegun á nauðsynjavörum líkt og matvöru, rúmteppum, lyfjum og fatnaði. Ágóðinn var sendur til stofnanna í Mið-Austurlöndum, sem sáu um að dreifa honum til fólks í neyð (American Near East Refugee Aid, e.d.-a).

ANERA samtökin eru starfandi enn í dag og stuðla að velferð fólks á Vesturbakkanum, Gaza-svæðinu, í Líbanon og Jórdaníu. Með náinni samvinnu og samkomulagi við samfélög og hópa á svæðinu bregst ANERA við fjárhagslegri, heilsufarslegri og menntunarlegri neyð fólksins með varanlegum lausnum. Samtökin hjálpa stofnunum á svæðinu að vera sjálfbjarga og færar um að þjónusta sitt samfélag. Þá bjóða þau einnig upp á neyðar- og mannúðaraðstoð (American Near East Refugee Aid, e.d.-c). Þar sem ANERA eru félagasamtök treysta þau einungis á fjárframlög frá hinum ýmsu stofnunum og einstaklingum (American Near East Refugee Aid, e.d.-b).

6.3.1 Hlutverk ANERA í palestínskum flóttamannabúðum

Allt frá stofnun ANERA hafa samtökin unnið að því að bæta heilsu og velferð flóttamanna. Hvar sem laust pláss býðst, búa þau til litla almennings- og matjurtagarða svo flóttamennirnir upplifi sig sem hluti af samfélagi og hafi öryggi í að vita hvar þau geti fengið næsta matarskammt. Einnig veita samtökin flóttamönnum lífsnauðsynleg lyf og

fræða þá um heilbrigt líferni. Samtökin sjá jafnframt um að skipuleggja og veita viðunandi útbúnað til íþróttaiðkunar unglinga (American Near East Refugee Aid, e.d.-e).

ANERA leggur mikið upp úr menntun barna og unglinga í flóttamannabúðum. Markmið þeirra er að bæta grunnskóla, háskóla og verknámsskóla í flóttamannabúðum á Vesturbakkanum, Gaza-svæðinu og í Líbanon. Í áratugi hafa samtökin séð um að bæta og lagfæra skólabyggingar, bætt við skólastofum og betrubætt hreinlætis- og salernisaðstöðu (American Near East Refugee Aid, e.d.-d).

Árið 2012 byrjuðu samtökin að bjóða palestínskum flóttabörnum upp á ENFE (Enhancing Non-Formal Education) prógrammið, sem miðar að því að undirbúa þau fyrir vinnumarkaðinn og gefa þeim tækifæri á áframhaldandi námi á framhaldsstigi. Prógrammið er því tilvalið fyrir þá nemendur sem hafa flosnað upp úr hefðbundnu námi og hefur það hlotið góðar móttökur (American Near East Refugee Aid, 2013).

Þá hafa ANERA samtökin séð um rekstur leikskóla fyrir börn á leikskólaaldri. Samtökin leggja mikla áherslu á að mikilvægt sé að fræða börn frá unga aldri þar sem fræðslan hefur áhrif á hvernig börnin þroskast. Jafnframt er mikilvægt fyrir börnin að vera á leikskóla því hann býður upp á það sem líkist daglegu lífi utan flóttamannabúða. Leikskóli býður einnig upp á tækifæri til að læra og möguleika á að hitta önnur börn og blanda geði við þau (American Near East Refugee Aid, 2014).

En þrátt fyrir mikilvægi leikskóla eru fjárframlög til þeirra af skornum skammti. Meira en helmingur flóttabarna í Líbanon skortir aðgengi að leikskóla og sjá UNRWA samtökin ekki um rekstur þeirra. Því kemur það fjárframlag sem fer í að reka leikskóla ekki frá UNRWA samtökunum, heldur frá félagasamtökum (American Near East Refugee Aid, 2014). 92 leikskólar eru starfandi í flóttamannabúðum í Líbanon í dag og meira en helmingur þeirra er í lélegu ástandi en yfir 85% þeirra skortir almennileg kennslutæki fyrir barnvænt umhverfi. Hver bekkur er yfirfullur og ekki hefur verið hægt að taka við öllum sem sækjast eftir inngöngu. Forgangsraða þarf hverjir fá inngöngu og eru þau börn efst á listanum, sem nauðsynlega þurfa á inngöngu að halda eins og til dæmis börn með talörðugleika (American Near East Refugee Aid, 2014).

Í byrjun árs 2015 tilkynntu ANERA að samtökin hefðu endurbætt tvo leikskóla í palestínskum flóttamannabúðum í Líbanon. Samkvæmt gæðastöðlum ANERA fólu endurbæturnar í sér öryggisþætti og aðrar ráðstafanir sem stuðla að góðri

hreinlætisaðstöðu og aðgengi að öruggri, góðri og gagnvirkri kennslu. Auk þess voru byggingar endurbyggðar, gluggar og loft innsiglið, veggir málaðir, rafmagnsleiðslur uppfærðar og fleira lagfært sem þörf var á (American Near East Refugee Aid, 2015).

6.4 Alþjóðahreyfing Rauða krossins og Rauða hálfmánans

Samtök Rauða krossins ganga undir nokkrum merkjum: Rauði krossinn, Rauði hálfmáninn og Rauði kristallinn. Landsfélög verða að nota eitthvert af fyrrnefndum táknum til að vera viðurkennd sem hluti af hreyfingunni (International Federation of Red Cross and Red Crescent Societies, e.d.).

Allt frá stofnun Rauða krossins, árið 1863, hefur meginmarkmið samtakanna verið að tryggja vernd og bjóða upp á aðstoð fyrir fórnarlömb átaka. Samtökin gera það með beinum aðgerðum um heim allan og einnig með því að stuðla að þróun alþjóðlegra mannúðarlaga, sem hreyfingin hvetur ríkisstjórnir og valdamiklar stofnanir til að framfylgja (International Committee of the Red Cross, 2010).

Hreyfing Rauða krossins eru stærstu mannúðarsamtök í heiminum í dag. Í hreyfingunni eru 97 milljónir sjálfboðaliða, stuðningsaðilar og starfsmenn sem starfa í 186 löndum. Starfsmenn og sjálfboðaliðar hreyfingarinnar bjóða upp á ýmiss konar þjónustu, sem dæmi má nefna áfallahjálp og aðstoð fyrir fórnarlömb stríðsátaka, skyndihjálparkennslu og aðstoð við að sameina fjölskyldur (International Committee of the Red Cross, 2010). Samtökin fjármagna starf sitt með frjálsum fjárframlögum frá ríkjum sem eru aðilar að Gefnarsáttmálanum, þjóðfélögum sem eru aðilar að Rauða krossinum eða öðrum merkjum hreyfingarinnar og stofnunum líkt og framkvæmdarstjórn Evrópusambandsins. Einnig taka þau við fjárstyrkjum frá almenningi (International Committee of the Red Cross, e.d.).

Samtökin starfa undir merki Rauða hálfmánans í Mið-Austurlöndum (International Federation of the Red Cross and Red Crescent Societies, e.d.). Nú í dag vinna Rauði krossinn og Rauði hálfmáninn samhliða UNHCR við að aðstoða flóttamenn en meginmarkmið þeirra er að reyna að koma í veg fyrir að fólk þurfi að leggja á flóttu. Rauði krossinn og Rauði hálfmáninn hafa sendifulltrúa á sínum snærum sem hjálpa fórnarlömbum stríðsátaka með því að koma til þeirra matvælum, hlúa að sárum þeirra og koma í veg fyrir ómannúðlegar meðferðir á almenningi. Þessi aðstoð dugir ekki alltaf til og kemur fyrir að óbreyttir borgarar þurfi að flýja land sitt. Oft skapar það mikinn

vanda þegar þúsundir eða milljónir flóttamanna flýja land á sama tíma og er það þá hlutverk hjálparsamtaka að setja upp flóttamannabúðir til að koma öllum þessum fjölda fyrir á öruggu svæði (Rauði kross Íslands, 2000).

6.5 Gagnrýni á flóttamannasamtök

Þrátt fyrir að flóttamannasamtök á borð við UNHCR og UNRWA reyni að leysa úr vandamálum flóttamanna eru þau ekki laus við gagnrýni. Fræðimenn á borð við Agier segja til að mynda að samkvæmt þeim tölfræðilegu staðreyndum sem UNHCR samtökin setji fram megi álykta að þau líti á flóttamannabúðir sem fjórðu lausnina við vandamálum flóttamanna (Agier, 2011). Þá er átt við þær þrjár alþjóðlega viðurkenndu lausnir á vanda og aðstæðum flóttamanna, sem eru eftirfarandi: að snúa aftur til heimalands síns þegar aðstæður hafa batnað, aðlögun flóttamanna í dvalarlandi og flutningur flóttamanna til þriðja lands (Velferðarráðuneytið, 2008). Margir fræðimenn telja varanlega tilveru flóttamannabúða vera skammarlega lausn fyrir það fólk sem er neytt til þess að flýja heimili sín vegna átaka (Agier, 2011). Sem dæmi má nefna tímaritsgreinina *Putting Refugees in Camps* eftir Richard Black sem birtist í tímaritinu *Forced Migration Review* þar sem höfundur vitnar í ýmsa fræðimenn sem eru á þeirri skoðun. Þeir telja hjálparsamtök setja upp flóttamannabúðir þar sem það sé bæði hentugra og ódýrara fyrir starfsemi þeirra. Að safna flóttamönnunum saman á sama landsvæði auðveldar þeim að bjóða upp á skjótt aðgengi að þjónustu, dreifingu á persónuskilríkjum og eftirfylgni með flóttamönnum (Black, 1998).

Flóttamannabúðir skapa hins vegar mörg vandkvæði fyrir íbúa þeirra og er talið að þær ógni heilsu flóttamanna. Fræðimenn eins og Agier og Black spyrja því hvort vegur þyngra, heilsa og líðan flóttamanna í flóttamannabúðum eða hentugleiki og auðveldara aðgengi hjálparsamtaka? (Black, 1998).

UNHCR samtökin hafa gefið það út að flóttamannabúðir eigi einungis að vera skýli flóttamanna í undantekningartilvikum og þá einungis tímabundið úrræði til að bregðast við nauðungarflutningum. Ef dvöl í flóttamannabúðum er óhjákvæmileg eiga íbúar þeirra að hafa samband við ríkið sem landsvæði búðanna tilheyrir varðandi aðgengi að efnahagslífi þeirra, innviði og félagsþjónustu. Samkvæmt UNHCR eiga þessi réttindi að tryggja að flóttamennirnir þurfi einungis að treysta á lágmarksþjónustu frá hjálparsamtökum (United Nations High Commissioner for Refugees, e.d.-e).

7 Umræða

Staða palestínskra flóttamanna er sérstök að því leyttu til að þeir eru ríkisfangslausir og hafa margir palestínskir flóttamenn búið í flóttamannabúðum allt sitt líf (Halasa, 2002; American Near East Refugee Aid, 2012). Þessi hópur flóttamanna er tilkominn vegna deilna milli Ísraelsríkis og Palestínu, sem rekja má allt til ársins 1897. Eftir að Síonistar tóku þá ákvörðun að stofna ríki gyðinga innan Palestínu og Balfour-yfirlýsingin leit dagsins ljós voru Palestínumenn hraktir frá heimalandi sínu og stóð þeim ekkert annað til boða en að flýja til nágrannalanda sinna og leita hælis sem flóttamenn (Czajka, 2008; Milton-Edwards, 2011; Abu-Manneh, 2008).

Þeir sem falla undir skilgreiningu Palestínuflóttamannanefndarinnar (UNRWA) sem palestínskir flóttamenn eru þeir einstaklingar sem áttu fasta búsetu í Palestínu á tímabilinu 1. júní 1946 til 15. maí árið 1948, en misstu heimili sín og lífsviðurværi vegna átakanna við Ísraelsríki. Þá eru afkomendur þeirra flóttamanna meðtaldir. Þeir Palestínumenn sem lögðu á flóttu í kjölfar sex daga stríðsins árið 1967 falla ekki undir þessa skilgreiningu. Þrátt fyrir það njóta þeir þjónustu og aðstoðar UNRWA samtakanna (United Nations Relief and Works Agency, e.d.-a; United Nations Relief and Works Agency, e.d.-i). Erfitt er að meta nákvæman fjölda palestínskra flóttamanna en samtökin UNRWA hafa gefið út að áætlaður fjöldi palestínskra flóttamanna sé um 4,6 milljónir í heiminum í dag (United Nations Relief and Works Agency, e.d.-a).

Húsnæðisaðstæður í flóttamannabúðum ógna bæði líkamlegri og andlegri heislu flóttamanna. Algengt er að fjölmönnum fjölskyldum sé troðið saman í lítil húsrými og opin holræsi og rotnandi sorp er dagleg sjón (Ibrahim, 2008). Oft á tíðum er þröngt um manninn í flóttamannabúðum og bil milli húsa lítið (Hansen, 2004). Þá hafa flóttamannabúðir í Líbanon komið illa út úr borgarastyrjöld og byggingar bæði holóttar eftir byssukúlur eða hafa jafnvel verið sprengdar í loft upp. Reglugerðir líbanskra yfirvalda koma í veg fyrir að flóttamennirnir geti reynt að bæta húsnæðisástandið þar sem bannað er með lögum að flytja efnivið inn á svæði flóttamannabúða (Ibrahim 2008, Christoff, 2004).

Aðgangur að hreinu vatni er oft á tíðum af skörum skammti í flóttamannabúðum. Mörg heimili eru ekki tengd við holræsakerfi og flóttamennirnir verða því að leita utan heimilis eftir drykkjarvatni og vatni til þvotta. Tíðar bilanir eru á þeim fáu holræsakerfum sem eru á svæðinu og flæðir oft upp úr þeim. Þessi laka hreinlætisaðstaða er góður farvegur fyrir hina og þessa sjúkdóma og sníkjudýr (Harvey og fleiri, 2013).

Iðulega er heilbrigðisþjónusta UNRWA sú eina sem flóttamennirnir hafa kost á. Aðstaða fyrir heilbrigðisþjónustu samtakanna er ekki upp á marga fiska þar sem hreinlætisaðstaðan er mjög slæm, starfsfólkið illa þjálfað og lítil eftirfylgni er með sjúklingum. Þá eiga lækningar á vegum samtakanna oft erfitt með að annast allan þann fjölda flóttamanna sem sækir þjónustu þeirra og því gefst lítill tími fyrir hvern og einn sjúkling og mikið álag er á læknum (Hansen, 2004; Ibrahim, 2008). Einnig þyrfti að vera hægt að bjóða upp á sérhæfða lækni meðferð fyrir þá flóttamenn sem kljást við óalgenga sjúkdóma. Því er þessi heilbrigðisþjónusta mun lakari en almenn heilbrigðisþjónusta (Palestine News Network, 2012). Andlegir kvillar meðal flóttamanna eru einnig algengir. Nýlega byrjaði Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin að viðurkenna mikilvægi þjónustu vegna andlegrar vanlíðan og því er unnið að bættu aðgengi að slíkri þjónustu (Forgione, 2012).

UNRWA samtökin sjá um rekstur skóla fyrir flóttamenn (United Nations Relief and Works Agency, e.d.-j). Aðstæður skólanna eru slæmar, skólastofurnar oft yfirfullar og börnin verða oft að deila borðum, skriffærum og skólabókum. Oft er fjöldi nemenda mikill og kennarar fáir og því hefur verið tekið upp á að skipta kennslunni niður í tvær vaktir. Þá virðast sem flóttabörn flosni frekar upp úr námi en önnur börn. Ýmsar ástæður geta verið fyrir því. Langvarandi heilsufarsvandamál sem tilkomin eru vegna vistar í flóttamannabúðum, fátækt og lélegar aðstæður í skólum (Harvey og fleiri, 2013). Oft er það þó vegna þess að börnin finnast þau knúin til að hætta námi til þess að fara að vinna til sjá fjölskyldu sinni farboða. Í Líbanon eru oft tækifæri til atvinnu sem krefst áframhaldandi menntunar oft lítil og því sjá flóttabörn í Líbanon engan tilgang í að ganga menntavegin (Ibrahim, 2008).

Þegar að kemur atvinnutækifærum hafa flóttamenn í Sýrlandi, Jórdaníu og á palestínsku umráðasvæðunum sömu eða svipuð réttindi og ríkisborgarar þess. Í Líbanon er það þvert á móti. Ríkisstjórnin hefur útilokað flóttamenn frá ákveðnum

atvinnugreinum og fá flóttamennirnir ekki að nýta sér félagsþjónustu landsins. Þessar aðstæður skapa því mikil fjárhagsvandamál fyrir flóttamennina sem hafa enga möguleika á því að rífa sig upp úr fátækt og lifa sómasamlegu lífi (Said, 2009; Ibrahim, 2008).

Samkvæmt rannsókn sem framkvæmd var á Sýrlenskum flóttamönnum og Sýrlenskum flóttamönnum af palestínskum uppruna hefur dvöl í flóttamannabúðum slæm áhrif á andlega heilsu flóttamanna. Hjá körlum virðist það vega þyngst að missa hlutverk sitt sem fyrirvinna heimilisins og litu þeir á það sem ógn við karlmennsku sína. Að missa lykilhlutverk sitt leiðir einnig til aukins heimilisofbeldis. Aftur á móti jókst hlutverk og ábyrgð kvenna í flóttamannabúðum. Bæði karlmenn og kvenmenn voru sammála um það að þessi breyting á lykilhlutverki þeirra innan heimilisins leiðir af sér bæði líkamlegt og andlegt álag.

Flóttamannasamtök eru sérstök hjálparsamtök sem sjá um að aðstoða flóttamenn. Þeirra hlutverk er að hlúa að vernd flóttamanna og vinna að varanlegri lausn við vandamálum þeirra. Stærstu flóttamannasamtök í heiminum í dag eru Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (e. United Nations High Commissioner for refugees, UNHCR) (United Nations High Commissioner for Refugees, e.d.-b) og Palestínuflóttamannanefndin (e. United Nations Relief and Works Agency, UNRWA) (United Nations High Commissioner for Refugees, e.d.-b).

UNRWA starfar eingöngu í Jórdaníu, Sýrlandi, Líbanon og á palenstínsku umráðasvæðunum. Hún sér um að veita þjónustu til flóttamanna sem halda þar til. Samtökin sjá um að taka á móti flóttamönnum í flóttamannabúðir og setja upp aðstöðu fyrir þá. Samtökin sjá einnig til þess að í hverjum flóttamannabúðum sé þjónustumiðstöð þar sem flóttamennirnir geta skráð sig hjá samtökunum og leitað til ef vandamál koma upp. Jafnframt sjá samtökin um að bjóða upp á heilbrigðisþjónustu og skóla fyrir flóttamenn og flóttabörn og að afhenda þeim nauðsynjavörur (United Nations Relief and Works Agency, e.d.-b). Samtökin starfa einnig á þeim landsvæðum sem flóttamannabúðir standa en eru ekki viðurkenndar, þ.e. flóttamannabúðir sem standa á landi sem ríkisstjórn viðkomandi ríkis hefur ekki úthlutað (United Nations Relief and Works Agency, e.d.-b; Alami, 2009).

UNRWA sjá um að þjónusta allar flóttamannabúðir í Mið-Austurlöndum. Tólf í Líbanon, níu í Sýrlandi, þrettán í Jórdaníu, nítján á Vesturbakkanum og átta á Gaza-svæðinu United Nations Relief and Works Agency, e.d.-e). Samtökin sjá ekki um öryggi og löggæslu í flóttamannabúðum heldur snýst þeirra hlutverk um að sjá um þá þjónustu sem flóttamennirnir njóta (United Nations Relief and Works Agency, e.d.-i).

Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna sjá ekki um að vernda og aðstoða palestínska flóttamenn nema þeir séu staðsettir á þeim svæðum sem UNRWA samtökin starfa ekki (Ibrahim, 2008; United Nations Relief and Works Agency, e.d.-a). Því eru palestínskir flóttamenn einu flóttamennirnir sem njóta ekki alþjóðlegrar löggjafar og verndar sem UNHCR veitir flóttamönnum í sínu umboði. Palestínskir flóttamenn verða því að leggja traust sitt á þau ríki sem þeir dvelja í varðandi vernd og tryggingar þar sem UNRWA samtökin hafa ekki vald til þess (Ibrahim, 2008).

Önnur flóttamannasamtök sem leggja sitt af mörkum við að þjónusta palestínska flóttamenn eru félagasamtökin ANERA (American Near East Refugee Aid) sem stuðla að velferð flóttamanna á Vesturbakkanum, á Gaza-svæðinu og í Líbanon og Jórdaníu. Samtökin vinna náið við samfélög og hópa á þeim svæðum og hjálpa til við neyð flóttamanna hvort sem hún er fjárhagsleg eða heilsufarsleg (American Near East Refugee Aid, e.d.-c). ANERA samtökin stuðla einnig að betri menntun hjá flóttamönnum og börnum og hafa lagt sitt af mörkum til að bjóða upp á hina ýmsu möguleika til menntunar og sjá samtökin alfarið um rekstur leikskóla í flóttamannabúðum (American Near East Refugee Aid, 2013).

Alþjóðahreyfing Rauða krossins og Rauða hálfmánans starfar undir merkinu Rauði hálfmáninn í Mið-Austurlöndum (International Federation of Red Cross and Red Crescent Societies, e.d.). Allt frá stofnun samtakanna hefur meginmarkmið þeirra verið að tryggja, vernda og bjóða upp á aðstoð fyrir fórnarlömb átaka. Samtökin stuðla einnig að þróun mannúðarlaga sem þau hvetja ríkisstjórnir og valdamiklar stofnanir að framfylgja (International Committee of the Red Cross, 2010). Þessi samtök eru stærstu mannúðarsamtökin í heiminum í dag. Starfsmenn og sjálfboðaliðar á þeirra vegum veita ýmsa þjónustu, allt frá áfallahjálpi og aðstoð fyrir fórnarlömb stríðsátaka í aðstoð fyrir fjölskyldur við að sameinast á ný (International Committee of the Red Cross, 2010).

8 Lokaorð

Markmið ritgerðarinnar er að varpa ljósi á þær aðstæður sem palestínskir flóttamenn búa við í flóttamannabúðum og jafnframt að útskýra hvaða hlutverki flóttamannasamtök gegna í flóttamannabúðum. Gerð var grein fyrir flóttamannasamningi Sameinuðu þjóðanna og hvers vegna palestínskir flóttamenn í Mið-Austurlöndum falla ekki undir ákvæði samningsins. Til þess að útskýra sérstöðu palestínskra flóttamanna voru meginatriði í sögu átaka milli Ísraelsmanna og Palestínumanna útlistuð. Höfundur komst að þeirri niðurstöðu að aðstæður í palestínskum flóttamannabúðum þarfnast verulegra umbóta ef flóttamenn eiga að geta dvalið þar. Gagnrýnisraddir fræðimanna um tilveru flóttamannabúða yfir höfuð hafa verulega rétt á sér og ljóst að eitthvað þarf að gera til að aðstæður breytist til batnaðar. Hvort sem það eru umbætur eða önnur lausn sem kemur í stað flóttamannabúða. Flóttamenn stóla mestmegnis á hjálp frá flóttamannasamtökum hvað varðar húsnæði, heilbrigðisþjónustu og menntun. Stærstu samtökin sem aðstoða palestínska flóttamenn eru Palestínuflóttamannanefndin (UNRWA), hjálparsamtökin ANERA og hreyfing Rauða hálfmánans. Aðstæður palestínskra flóttamanna þarfnast alls staðar umbóta, hvort sem þeir dvelja í flóttamannabúðum eða ekki. Verstar eru aðstæðurnar í Líbanon þar sem Líbanon er ekki aðili að flóttamannasamningi sameinuðu þjóðanna og viðurkennir því ekki grundvallarréttindi og lagalegar skyldur fyrir flóttamenn. Samkvæmt rannsókn sem framkvæmd var á Sýrlenskum flóttamönnum og Sýrlenskum flóttamönnum af palestínskum uppruna í Líbanon hefur dvöl í flóttamannabúðum og þær hömlur sem settar eru flóttamönnum slæm áhrif á andlega líðan þeirra. Höfundur álítur að áhugavert væri að framkvæma samanburðarrannsókn þar sem aðstæður, andleg líðan og líkamleg heilsa flóttamanna í flóttamannabúðum væri borin saman við aðstæður og andlega og líkamlega líðan flóttamanna sem dvelja ekki í flóttamannabúðum.

Guðný Björnsdóttir

- Abu-Manneh, B. (2008). The Question of Palestine: An interview with Bashir Abu-manneh. *New Politics*, 11(4), 53-64.
- Agier, M. (2011). *Managing the undesirables*. Cambridge: Polity Press.
- Alami, M. (2009, Dec 21). JORDAN: PALESTINIAN REFUGEES LIVE OUT LIVES IN LIMBO. *Global Information Network*. Sótt af <http://search.proquest.com/docview/457549682?accountid=135943>
- Al-Khatib, I., Arafat, R. og Musmar, M. (2005). Housing environment and women's health in a Palestinian refugee camp [rafræn útgáfa]. *International Journal of Environmental Health Research*, 15(3), 181-191. DOI: 10.1080/09603120500105950
- American Near East Refugee Aid (ANERA). (e.d.-a). *How ANERA came to be*. Sótt af <http://www.anera.org/wp-content/uploads/2013/04/PreHistoryFinal.pdf>
- American Near East Refugee Aid (ANERA). (e.d.-b). *About ANERA*. Sótt af <http://www.anera.org/about-us/>
- American Near East Refugee Aid (ANERA). (e.d.-c). *Mission*. Sótt af <http://www.anera.org/about-us/mission/>
- American Near East Refugee Aid (ANERA). (e.d.-d). *School Infrastructure*. Sótt af <http://www.anera.org/category/education/school-infrastructure/>
- American Near East Refugee Aid (ANERA). (e.d.-e). *Palestinian Camps*. Sótt af <http://www.anera.org/category/economic-development/palestinian-camps/>
- American Near East Refugee Aid (ANERA). (2012). *Palestinian Refugees in Lebanon. ANERA REPORT, 3*. Sótt af <http://www.anera.org/wp-content/uploads/2013/03/LEBRefugeeReport.pdf>
- American Near East Refugee Aid (ANERA). (2013, júní). *Vocational Education for Palestinian Refugees*. Sótt af <http://www.anera.org/stories/vocational-education-for-palestinian-refugees-in-lebanon/>
- American Near East Refugee Aid (ANERA). (2014, 25. febrúar). *Early Childhood Education Gets Help In Lebanese Refugee Camp*. Sótt af <http://www.anera.org/stories/early-childhood-education-gets-help-lebanon-refugee-camp/>
- American Near East Refugee Aid (ANERA). (2015, 6. janúar). *Two Preschools in Lebanon Camps Transformed*. Sótt af <http://www.anera.org/stories/anera-renovates-two-preschools-lebanon-camps/>
- Atli Viðar Thorstensen og Guðrún Dögg Guðmundsdóttir (ritstjórar). United Nations General Assembly (UNHCR). (2008). *Handbók um réttarstöðu flóttamanna; málsmeðferð og skilyrði samkvæmt flóttamannasamningnum frá 1951 og bókun frá 1967 um réttarstöðu flóttamanna* (Gestur Hrólfsen þýddi). Reykjavík: Leturprent. (Upphaflega gefin út 1979).

- Balfour, A. J. (2. nóvember 1917). *The Balfour Declaration*. Sótt af <http://unispal.un.org/UNISPAL.NSF/9a798adbf322aff38525617b006d88d7/e210ca73e38d9e1d052565fa00705c61?OpenDocument&Highlight=0,balfour,declaration>
- Black, R. (1998). Putting Refugees in Camp [rafræn útgáfa]. *Forced Migration Review*, 2, 4-7. Sótt af <http://www.fmreview.org/en/FMRpdfs/FMR02/fmr2full.pdf#page=4>
- Chaaban, J., Ghattas, H., Habib, R., Hanafi, S., Sahyoun, N., Salti, N. o.fl. (2010). *Socio-Economic Survey of Palestinian Refugees in Lebanon*. Gefið út af American University of Beirut og UNRWA. Sótt af <http://www.unrwa.org/userfiles/2011012074253.pdf>
- Charles, L. og Denman, K. (2013). Syrian and Palestinian Syrian refugees in Lebanon: The plight of women and children. *Journal of International Women's Studies*, 14(5), 96-111.
- Christoff, S. (2004). The war against Palestinian refugees in Lebanon. *Canadian Dimension*, 38(2), 16-17.
- Czajka, A. (2008). *The camp and the political: Palestinian refugee camps in Lebanon* (Doktorsritgerð). York University, Toronto, Ontario.
- d'Arc Taylor, S. (2013, 19. ágúst). Syrian Palestinians pack refugee camp in Lebanon; 'Animals live like this, not humans,' says one of the thousands who have landed at the Burj el-Shemali site. *Los Angeles Times*, bls. 3. Sótt af <http://articles.latimes.com/2013/aug/19/world/la-fg-syrian-palestinian-refugees-20130819>
- Dyer, G. (2007, 5. júní). War of six days and forty years; A decisive victory in 1967 showed Israel's power, but the fallout from that outcome still lingers and may eventually destroy the idea of a Jewish state. *Nelson Daily News*. Sótt af <http://search.proquest.com/docview/357570265?accountid=135943>
- Evrópan (2014, 17. desember). Stórtíðindi: Evrópupingið samþykkir tillögu um sjálfstætt ríki Palestínu. *Evrópan*. Sótt 12. apríl 2015 af <http://evropan.is/evropa/stortidindi-evroputhingid-samthykkir-tillogu-um-sjalfstaett-riki-palestinu/>
- Forgione, F. (2012). Mental health in Palestinian camps in Lebanon. *Forced Migration Review*, 40, 45-46. Sótt af <http://search.proquest.com/docview/1040529023?accountid=49582>
- Hagopian, E. C. (1997). Is the peace process a process for peace? A Retrospective Analysis of Oslo. *Arab Studies Quarterly*, 19(3), 1-28. Sótt af <http://search.proquest.com/docview/220603634?accountid=135885>
- Halasa, M. (2002, 26. október). Review: Point of no return: Malu halasa on how the experience of exile, both at home and abroad, has brought an unusual directness to palestinian memoir. *The Guardian*. Sótt af <http://www.theguardian.com/books/2002/oct/26/featuresreviews.guardianreview3>

- Hansen, P. (2004, 19. maí). A tour of the Palestinian refugee camps UN Relief and Works agency. *International Herald Tribune*. Sótt af <http://search.proquest.com/docview/318439678?accountid=27513>
- Harvey, C., Garwood, R. og El-Masri, R. (2013, 3. september). *Shifting Sands: Changing gender roles among refugees in Lebanon*. Sótt af <http://www.alnap.org/resource/10495>
- Hossain, M. J. (2014, 28. desember). Sharing the sufferings of Palestinian refugees. *The Financial Express*, 22(48) Sótt af <http://www.thefinancialexpress-bd.com/2014/12/28/73013>
- Ibrahim, J. (2008). The Discrimination Against Palestinian Refugees Living in Lebanon. *Palestine - Israel Journal of Politics, Economics, and Culture*, 15(1), 83-90.
- International Committee of the Red Cross (ICRC). (e.d.). *Who we are*. Sótt af <https://www.icrc.org/en/who-we-are>
- International Committee of the Red Cross (ICRC). (2010). *History of the ICRC*. Sótt af <https://www.icrc.org/eng/who-we-are/history/overview-section-history-icrc.htm>
- International Federation of the Red Cross and Red Crescent Societies. (e.d.). *The International Red Cross and Red Crescent Movement at a glance*. Sótt af http://www.ifrc.org/Global/Publications/general/at_a_glance-en.pdf
- Killgore, A. I. (1992). The balfour declaration's legacy. *The Washington Report on Middle East Affairs*, X(9), 11. Sótt af <http://search.proquest.com/docview/218800532?accountid=135943>
- Loue, S. og Sajatovic, M. (ritstjórar). (2012). *Encyclopedia of Immigrant health*. New York: Springer Science+Business media.
- Lög um útlendinga nr. 96/2002.
- Middle East Report N°84. (2009, febrúar). *Nurturing Instability: Lebanon's Palestinian Refugee Camps*. Sótt af [http://www.crisisgroup.org/~media/Files/Middle%20East%20North%20Africa/Iraq%20Syria%20Lebanon/Lebanon/84%20nurturing%20instability%20lebanons%20palestinian%20refugee%20camps.pdf](http://www.crisisgroup.org/~/media/Files/Middle%20East%20North%20Africa/Iraq%20Syria%20Lebanon/Lebanon/84%20nurturing%20instability%20lebanons%20palestinian%20refugee%20camps.pdf)
- Milton-Edwards, B. (2011). *Contemporary Politics in the Middle East*. New Jersey: John Wiley & Sons.
- Nachmias, N. (2014). A Refugee as a Status Symbol: The Case of the Palestinian Refugees. *Psychology Research*, 4(10), 808-822.
- Negotiations Affairs Department. (e.d.). *History*. Sótt af <http://www.nad-plo.org/etemplate.php?id=180&more=1#1>

- Palestinian refugees in UNRWA camps in Jordan. (2012, 17. maí). *Palestine News Network*. Sótt af <http://search.proquest.com/docview/1014189344?accountid=135943>
- Rauði kross Íslands. (2000, júní). *Flóttamenn*. Sótt af <http://www.raudikrossinn.is/redcross/upload/files/skolavefur/rki-flottamannabvef.pdf>
- Rauði kross Íslands (2009). *Ársskýrsla Rauða kross Íslands 2008. Þegar á reynir*. Sótt af http://redcross.lausn.is/Apps/WebObjects/RedCross32.woa/swdocument/1040576/vefur_arsskyrsla_2008.pdf?wosid=false
- Sabatinelli, G., Pace-Shanklin, S., Riccardo, F. og Shahin, Y. (2009). Palestinian refugees outside the occupied Palestinian territory. *The Lancet*, 373(9669), 1063-5. DOI: 10.1016/S0140-6736(09)60101-X.
- Said, W.E. (2009). Palestinian Refugees: Host Countries, Legal Structure and the Right of Returns. *Palestinian Refugees*, 21(2), 89-95. Sótt af <http://refuge.journals.yorku.ca/index.php/refuge/article/view/21293/19964>
- Sweden officially recognizes Palestine. (2014, 30. október). *The Guardian*. Sótt af <http://www.theguardian.com/world/2014/oct/30/sweden-officially-recognises-state-palestine>
- Tristram, Pierre. (e.d.). *What is UNRWA - The United Nation Relief Works Agency?* Sótt af <http://middleeast.about.com/b/2009/09/26/blogpulse-a-civil-rights-movement-for-palestine.htm>
- United Nations. (2008, 28. apríl). International Conference Addresses Rights of Palestinian Refugees; experts focus on 60-year history of Palestine refugee problem, its numerous aspects. *M2 Presswire*. Sótt af <http://search.proquest.com/docview/444452608?accountid=49582>
- United Nations High Commissioner for Refugees (UNHCR). (e.d.-a). *Stateless Persons*. Sótt af <http://www.unhcr-northerneurope.org/what-we-do/who-we-help/stateless-people/>
- United Nations High Commissioner for Refugees (UNHCR). (e.d.-b). *History of UNHCR*. Sótt af <http://unhcr.org/pages/49c3646cbc.html>
- United Nations High Commissioner for Refugees (UNHCR). (e.d.-c). *Refugees*. Sótt af <http://www.unhcr-northerneurope.org/what-we-do/who-we-help/refugees/>
- United Nations High Commissioner for Refugees (UNHCR). (e.d.-d). *Fund-Raising*. Sótt af <http://www.unhcr.org/pages/49c3646c119.html>
- United Nations High Commissioner for Refugees (UNHCR). (e.d.-e). *Alternatives to Camps*. Sótt af <http://www.unhcr.org/pages/54d9c7686.html>

- United Nations High Commissioner for Refugees (UNHCR). (2010). Convention and Protocol relating to the Status of Refugees. Geneva: UNHCR. Sótt af <http://www.unhcr.org/3b66c2aa10.html>
- United Nations High Commissioner for Refugees (UNHCR). (2013). War's Human Cost. Review Trends at Glance. *UNCHR Global Trends 2013*. Sótt af <http://www.unhcr.org/5399a14f9.html>
- United Nations High Commissioner for Refugees (UNHCR). (2014, 4. nóvember). *UNHCR launches 10-year global campaign to end statelessness*. Sótt af <http://www.unhcr.org/545797f06.html>
- United Nations High Commissioner for Refugees (UNHCR). (2014-2015). *UNHCR Global Appeal 2014-2015 - Engaging with IDPs*. Sótt af <http://www.unhcr.org/528a0a140.pdf>
- United Nations High Commissioner for Refugees (UNHCR). (2015, 18. júní). *UNHCR Global Trends – Forced Displacement in 2014*. Sótt af <http://www.unhcr.org/556725e69.html>
- United Nations Relief and Works Agency (UNRWA). (e.d.-a). *The United Nations and Palestinian Refugees*. Sótt af <http://www.unrwa.org/userfiles/2010011791015.pdf>
- United Nations Relief and Works Agency (UNRWA). (e.d.-b). *Palestine Refugees*. Sótt af <http://www.unrwa.org/palestine-refugees>
- United Nations Relief and Works Agency (UNRWA). (e.d.-c). *Where we Work - Jordan*. Sótt af <http://www.unrwa.org/where-we-work/jordan>
- United Nations Relief and Works Agency (UNRWA). (e.d.-d). *Where we Work - Syria*. Sótt af <http://www.unrwa.org/where-we-work/syria>
- United Nations Relief and Works Agency (UNRWA). (e.d.-e). *Where we Work*. Sótt af <http://www.unrwa.org/where-we-work>
- United Nations Relief and Works Agency (UNRWA). (e.d.-f). *Where we Work - Gaza Strip*. Sótt af <http://www.unrwa.org/where-we-work/gaza-strip>
- United Nations Relief and Works Agency (UNRWA). (e.d.-g). *Where we Work - West bank*. Sótt af <http://www.unrwa.org/where-we-work/west-bank>
- United Nations Relief and Works Agency (UNRWA). (e.d.-h). *Where we Work – Lebanon*. Sótt af <http://www.unrwa.org/where-we-work/lebanon>
- United Nations Relief and Works Agency (UNRWA). (e.d.-i). *Frequently Asked Questions*. Sótt af <http://www.unrwa.org/who-we-are/frequently-asked-questions#refugees>
- United Nations Relief and Works Agency (UNRWA). (e.d.-j). *What We Do – Education*. Sótt af <http://www.unrwa.org/what-we-do/education>

United Nations Relief and Works Agency (UNRWA). (2013, 6. júní). *More than half of the Palestinian Refugee Camps in Syria "Theaters of War"*. Sótt af <http://www.unrwa.org/newsroom/press-releases/more-half-palestinian-refugee->

United Nations Relief and Works Agency For Palestine Refugees in the Near East. (e.d.). *Consolidated Eligibility and Registration Instructions. (CERI)*. Sótt af <http://www.unrwa.org/userfiles/2010011995652.pdf>

Velferðarráðuneytið. (2008). Upplýsingar um móttöku íslenskra stjórnvalda á móttöku flóttafólks. Sótt af <http://www.velferdarraduneyti.is/frettir/frettatilkynningar/nr/3822>

What's happening in Syria? (2015, 20. febrúar). BBC NEWS. Sótt af <http://www.bbc.co.uk/newsround/16979186>

Yamout, R., Farran, S., Rmeileh, N.M.E.A., Hogan, D. og Giacaman, R. (2012, 1. október). Insecurity in Palestinian refugee camps in Lebanon: a pilot study. *The Lancet*. 380(9-10). DOI: [http://dx.doi.org/10.1016/S0140-6736\(13\)60193-2](http://dx.doi.org/10.1016/S0140-6736(13)60193-2)